

ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS 2010–2011



STÖRF 139. LÖGGJAFARÞINGS 2010–2011
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2010

Ársskýrsla Alþingis 2010–2011

STÖRF 139. LÖGGJAFARÞINGS 2010–2011
ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2010

Inngangur skrifstofustjóra Alþingis	7
Skipan þingsins á 139. þingi 2010–2011	8
Forsætisnefnd Alþingis	8
Þingmenn og þingflokkar	9
Fastanefndir	11
Aðrar nefndir	13
Alþjóðanefndir	14
Þingstörfin	15
Þingmál	15
Þingfundir	16
Opnir nefndafundir	18
Þingnefndir	19
Erlend samskipti	20
Heimsóknir og fundir forseta Alþingis í útlöndum	20
Erlend samskipti fastanefnda	21
Störf alþjóðanefnda	21
Þátttaka þingmanna í ráðstefnum og fundum erlendis	23
Erlendar heimsóknir til Alþingis	23
Útgáfuefni Alþingis og fræðsla fyrir almenning	24
Skrifstofa Alþingis	25
Starfsmenn skrifstofu Alþingis	25
Erlend samskipti starfsfólks á árinu 2010	26
Húsakostur Alþingis	28
Fornleifarannsókn á Alþingisreit	29
Stofnanir Alþingis 2010	30
Sérstakar athafnir	31
Ársreikningur Alþingis 2010	37

Árið 2011 var þess minnst að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar og 100 ár frá því að Háskóli Íslands var stofnaður í Alþingishúsinu. Háskólinn var til húsa á fyrstu hæð Alþingishússins til ársins 1940. Í tilefni af þessum tímamótum var Alþingishúsið opið almenningi 17. júní 2011 og lagði fjöldi manns leið sína í húsið þann dag. Nánar er greint frá hátíðarhöldunum undir sérstakar athafnir á síðum 31–36 í ársskýrslunni og þar má einnig sjá ræður sem haldnar voru á hátíðarfundi í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands.

Myndir sem Bragi Þór Jósefsson tók við þetta tækifæri eru á forsíðu, forsíðu ársreiknings og víðar í skýrslunni.



Brjóstmynd af Jóni Sigurðssyn eftir Brynjulf Larsen Bergslien.



Í þeirri ársskýrslu Alþingis sem kemur nú út og er hin þrettánda í röðinni er gerð grein fyrir störfum Alþingis, 139. löggjafarþings, sem stóð frá 1. október 2010 til 30. september 2011. Jafnframt er fjallað um rekstur Alþingis fjárhagsárið 2010.

Á 139. löggjafarþingi voru gerðar veigamiklar breytingar á þingsköpum Alþingis. Meginatriði þeirra var að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis. Stofnuð var ný fastanefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, en samhliða var fastanefndum fækkað. Þær urðu nú átta í stað tólf áður og flestar með víðara málefna svið en áður. Þessum breytingum, sem samstaða var um, fylgdu áform um að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar, meðal annars með að veita henni tækifæri til að gegna formennsku í nefndunum eða varaformennsku. Þá voru á þinginu sett lög um rannsóknarnefndir, sem er nýmæli. Þær eiga að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis. Síðla sumars 2011 hófust svo samkvæmt lögunum rannsóknir á starfsemi sparisjóðanna og á Íbúðalána-sjóði.

Samkomutíma þingsins var einnig breytt. Samkvæmt nýjum ákvæðum þingskapalaga kemur Alþingi saman framvegis annan þriðjudag í september, í stað 1. október áður. Með því fær þingið meðal annars rýmri tíma til að fjalla um fjárlagafrumvarp á haustmánuðum. Breyttur samkomutími á ekki að fela í sér að þingfundum og nefndafundum á hverju þingi sé fjölgað heldur að þeir dreifist betur yfir



Helgi Bernósdusson, skrifstofustjóri Alþingis

þingtímann þannig að alþingismönnum og þingflokkum gefist, með stuttum þinghléum inn á milli, aukinn tími til að sinna öðrum störfum en þeim sem fram fara í Alþingishúsinu í Reykjavík.

Svo sem vænta mátti voru umdeild mál til meðferðar á Alþingi veturinn 2010–2011. Er gerð grein fyrir þeim í skýrslunni, svo og um hvaða mál stóðu lengstar umræður. Þingfundir á 139. löggjafarþingi urðu fleiri en venja er til og stóðu þeir lengur en meðaltal undanfarinna ára segir, eða í 800 klukkustundir.

Á árinu 2011 var þess minnst með margvíslegum móti að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar, frelsis-hetjunnar góðu. Minningarfundur um


Jón Sigurðsson var haldinn á Alþingi miðvikudaginn 15. júní þar sem samþykkt var þingsályktun um að stofna prófessorsstöðu tengda nafni Jóns Sigurðssonar. Á þjóðhátíðardaginn, 17. júní 2011, fagnaði Háskóli Íslands aldarafmæli en skólinn var stofnaður á Alþingi árið 1911. Hátíðarsamkoma til að minnast stofnunar Háskólans var haldin í þingsalnum að viðstöddum rúmlega 100 gestum. Að hátíðarsamkomunni lokinni opnaði forseti Alþingis sýningu um þingstörf Jóns Sigurðssonar forseta og starfsemi Háskólans í Alþingishúsinu 1911–1940. Alþingishúsið var opið almenningi þjóðhátíðardaginn frá kl. 2 til 5.30 síðdegis og komu um 3.000 gestir í húsið.

Rekstur þingsins árið 2010 var erfiður. Hagrætt var í rekstri eins og mögulegt var og stöðugildum fækkað til að mæta sparnaðarkröfum eftir þung áföll ríkissjóðs. Tókst að halda útgjöldum vel innan fjárheimilda með því aðhaldi sem beitt var. Álag í starfi þingsins var þó síst minna. Jafnframt var gripið til ýmissa ráðstafana til að styrkja öryggismál þingsins, bæði innan dyra og í umhverfi þinghússins.

Ég færi starfsmönnum Alþingis sem hafa tekið saman ársskýrsluna bestu þakkir og vona að hún gefi glögga mynd af þingstörfum og rekstri Alþingis 2010–2011.

Helgi Bernósdusson

SKIPAN ÞINGSINS Á 139. ÞINGI 2010–2011



Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, stýrir þingsetningarfundi 1. október 2010. Forseti Íslands flytur jafnan ávarp við setningu Alþingis. Á ráðherrabekk frá vinstri talið: Árni Páll Árnason, Jón Bjarnason, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir (í forsetasæti), Steingrímur J. Sigfússon, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Svandís Svavarsdóttir.

FORSÆTISNEFND ALÞINGIS:

Ásta R. Jóhannesdóttir	forseti Alþingis
Ragnheiður Ríkharðsdóttir	1. varaforseti
Þuríður Backman	2. varaforseti
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	3. varaforseti ¹
Siv Friðleifsdóttir	4. varaforseti
Álfheiður Ingadóttir	5. varaforseti
Unnur Brá Konráðsdóttir	6. varaforseti

Forsætisnefnd hélt 39 fundi á 139. löggjafarþingi. Auk skrifstofustjóra Alþingis og aðstoðarskrifstofustjóranna þriggja sat Þór Saari fundina sem áheyrnarfulltrúi. Þingforseti hélt einnig 41 fund með formönnum þingflokka á 139. þingi.

¹ Á þingfundi 6. október 2010 var Kristján L. Möller kosinn 3. varaforseti.

ÞINGMENN OG ÞINGFLOKKAR

Á 139. þingi, sem stóð frá 1. október 2010 til 30. september 2011, hélt þingflokkur Framsóknarflokks 56 fundi, þingflokkur Hreyfingarinnar 71 fund, þingflokkur Samfylkingarinnar 127 fundi,

þingflokkur Sjálfstæðisflokks 61 fund og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 113 fundi. Einn þingmaður afsalaði sér þingmennsku í september 2011, Þórunn Sveinbjarnardóttir, í

Samfylkingunni. Lúðvík Geirsson tók sæti hennar 5. september 2011. Alls tóku 22 varaþingmenn sæti á 139. löggjafarþingi, þar af 11 í fyrsta skipti. (Sjá nánar í töflu á næstu síðu.)

Skipan þingflokka

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
2. Eygló Harðardóttir, 7. þm. Suðurk.
3. Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.²
4. Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
5. Höskuldur Þórhallsson, 6. þm. Norðvest.
6. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
7. Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk.
8. Sív Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
9. Vigdís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s.

HREYFINGIN:

1. Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
2. Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.
3. Þór Saari, 9. þm. Suðvest.

SAMFYLKINGIN:

1. Árni Páll Árnason, 1. þm. Suðvest.
2. Ásta R. Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
3. Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.
4. Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Norðvest.
5. Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
6. Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Reykv. n.
7. Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.
8. Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Suðvest.
9. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
10. Magnús Orri Schram, 11. þm. Suðvest.
11. Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
12. Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust.
13. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Reykv. s.
14. Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
15. Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
16. Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
17. Mörður Árnason, 11. þm. Reykv. n.
18. Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.³
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. s.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
2. Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
3. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
4. Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
5. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
6. Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Reykv. s.
7. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
8. Jón Gunnarsson, 12. þm. Suðvest.
9. Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
10. Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
11. Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
12. Ragnheiður E. Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
13. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
14. Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Norðaust.
15. Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.
16. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.⁴
2. Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n.
3. Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
4. Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.⁵
5. Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
6. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
7. Jón Bjarnason, 2. þm. Norðvest.
8. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
9. Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
10. Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.⁶
11. Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Norðaust.
12. Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Reykv. s.
13. Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
14. Ögmundur Jónasson, 10. þm. Suðvest.
15. Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.

- ² Guðmundur Steingrímsson sagði sig úr þingflokki Framsóknarflokks með bréfi dagsettu 26. ágúst 2011 sem lesið var á þingfundi 2. september 2011. Hann var eftir það utan flokka á 139. þingi.
- ³ Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði af sér þingmennsku með bréfi dagsettu 5. september 2011. Lúðvík Geirsson tók sæti hennar og varð 11. þingmaður kjördæmisins. Magnús Orri Schram varð 7. þingmaður kjördæmisins.
- ⁴ Atli Gíslason sagði sig úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með bréfi dagsettu 21. mars 2011 sem lesið var á þingfundi 22. mars 2011. Hann var eftir það utan flokka á 139. þingi.
- ⁵ Ásmundur Einar Daðason sagði sig úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs 14. apríl 2011 og var utan flokka þar til hann gekk í þingflokki Framsóknarflokks 1. júní 2011.
- ⁶ Lilja Mósesdóttir sagði sig úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með bréfi dagsettu 21. mars 2011 sem lesið var á þingfundi 22. mars 2011. Hún var eftir það utan flokka á 139. þingi.

Varamenn sem tóku sæti á 139. löggjafarþingi

Varaþingmaður	Stjórn mála- flokkur	Aðalmaður	Tímabil
Anna Margrét Guðjónsdóttir	Sf	Oddný Harðardóttir	10.6.–15.6.2011
Arndís Soffía Sigurðardóttir	Vg	Atli Gíslason	25.10.–1.12.2010
Auður Lilja Erlingsdóttir	Vg	Álfheiður Ingadóttir	11.11.–25.11.2010
		Álfheiður Ingadóttir	4.4.–16.4.2011
		Katrín Jakobsdóttir	31.5.–16.9.2011
Baldur Þórhallsson*	Sf	Mörður Árnason	6.6.–15.6.2011
Baldvin Jónsson*	Hr	Birgitta Jónsdóttir	4.10.–18.10.2010
Birgir Þórarinnsson*	F	Sigurður Ingi Jóhannsson	18.10.–1.11.2010
Bjarkey Gunnarsdóttir	Vg	Þuríður Backman	13.4.–16.4.2011
Davíð Stefánsson	Vg	Katrín Jakobsdóttir	16.9.–30.9.2011
Eva Magnúsdóttir*	S	Jón Gunnarsson	13.4.–16.4.2011
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir*	Vg	Lilja Rafney Magnúsdóttir	11.10.–25.10.2010
		Lilja Rafney Magnúsdóttir	16.9.2010–18.9.2011
Helena Þ. Karlsdóttir*	Sf	Jónína Rós Guðmundsdóttir	13.04.–16.4.2011
Huld Aðalbjarnardóttir	F	Birkir Jón Jónsson	9.6.–15.6.2011
Íris Róbertsdóttir*	S	Árni Johnsen	25.11.–9.12.2010
		Unnur Brá Konráðsdóttir	2.5.–12.6.2011
Jórunn Einarsdóttir*	Vg	Atli Gíslason	1.10.–25.10.2010
Kolbrún Halldórsdóttir	Vg	Lilja Mósesdóttir	18.10.–1.11.2010
Logi Már Einarsson*	Sf	Sigmundur Ernir Rúnarsson	11.10.–25.10.2010
		Sigmundur Ernir Rúnarsson	13.4.–16.4.2011
Lúðvík Geirsson*	Sf	Magnús Orri Schram	18.10.–1.11.2010
Ólafur Þór Gunnarsson	Vg	Guðfríður Lilja Grétarsdóttir	1.10.2010–8.4.2011
Ósk Vilhjálmsdóttir*	Sf	Valgerður Bjarnadóttir	13.4.–15.4.2011
Sigurður Kári Kristjánsson	S	Illugi Gunnarsson	1.10.2010–15.6.2011
		Illugi Gunnarsson	2.9.–14.9.2011
Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson	F	Gunnar Bragi Sveinsson	2.9.–14.9.2011
Víðir Smári Petersen	S	Þorgerður K. Gunnarsdóttir	13.4.–16.4.2011

* aftan við nafnið merkir að varamaður tekur sæti á Alþingi í fyrsta sinn.

STJÓRNIR ÞINGFLOKKA Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

FRAMSÓKNARFLOKKUR

Gunnar Bragi Sveinsson formaður
Sigurður Ingi Jóhannsson
varaformaður
Vigdís Hauksdóttir ritari

HREYFINGIN

Margrét Tryggvadóttir formaður
Birgitta Jónsdóttir varaformaður
Þór Saari ritari

SAMFYLKINGIN

Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður⁷
Jónína Rós Guðmundsdóttir
varaformaður
Róbert Marshall ritari

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR

Ragnheiður E. Árnadóttir formaður
Einar K. Guðfinnsson varaformaður
Ólöf Nordal ritari⁸

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ⁹

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður
Árni Þór Sigurðsson varaformaður
Þuríður Backman ritari

⁷ Á þingfundi 5. september 2011 las forseti tilkynningu um að Þórunn Sveinbjarnardóttir hefði afsalað sér þingmennsku.

⁸ Tilkynnt var á þingfundi 13. október 2010 að Birgir Ármannsson hefði tekið við starfi ritara þingflokks Sjálfstæðisflokks.

⁹ Tilkynnt var á þingfundi 4. október 2010 að í fæðingarorlofi Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur yrði Árni Þór Sigurðsson starfandi þingflokksformaður, Þuríður Backman varaformaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir ritari. Á þingfundi 11. apríl 2011 las forseti tilkynningu um breytingu á stjórn þingflokksins, sem kjörin var á þingflokksfundi flokksins 10. apríl 2011, en þá var Árni Þór Sigurðsson kjörinn formaður, Þuríður Backman varaformaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir ritari þingflokksins. Á þingflokksfundi 3. maí 2011 tilkynnti forseti að Þuríður Backman hefði tekið við formennsku í þingflokkinum. Lilja Rafney varð varaformaður og Björn Valur Gíslason ritari.

FASTANEFNDIR¹⁰

Allsherjarnefnd

Róbert Marshall formaður
Atli Gíslason varaformaður¹¹
Birgir Ármannsson
Mörður Árnason
Illugi Gunnarsson¹²
Valgerður Bjarnadóttir
Vigdís Hauksdóttir
Þráinn Bertelsson
Álfheiður Ingadóttir

Efnahags- og skattanefnd

Helgi Hjörvar formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður¹³
Tryggvi Þór Herbertsson
Magnús Orri Schram
Birkir Jón Jónsson
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Pétur H. Blöndal
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Þór Saari¹⁴

Félags- og tryggingamálanefnd

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður¹⁵
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
varaformaður¹⁶
Pétur H. Blöndal
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Guðmundur Steingrímsson
Ásmundur Einar Daðason
Unnur Brá Konráðsdóttir
Þórunn Sveinbjarnardóttir
Lilja Rafney Magnúsdóttir



Frá opnum fundi samgöngunefndar Alþingis 25. mars 2011. Á myndinni má sjá, frá vinstri talið: Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Björn Val Gíslason, Benedikt S. Benediktsson, ritara nefndarinnar, Guðmund Steingrímsson, Mörður Árnason, Þuríði Backman og nokkra af gestum nefndarinnar.

Fjárlaganefnd

Oddný G. Harðardóttir formaður
Björn Valur Gíslason varaformaður
Kristján Þór Júlíusson
Ásmundur Einar Daðason¹⁷
Höskuldur Þórhallsson
Sigmundur Ernir Rúnarsson
Ásbjörn Óttarsson
Þuríður Backman
Björgvin G. Sigurðsson
Þorgerður K. Gunnarsdóttir
Þór Saari

Heilbrigðisnefnd

Þuríður Backman formaður
Jónína Rós Guðmundsdóttir
varaformaður
Guðlaugur Þór Þórðarson
Þórunn Sveinbjarnardóttir
Siv Friðleifsdóttir
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Kristján L. Möller
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

10 Tölverðar breytingar urðu á skipan fastanefnda og kjöri í embætti í upphafi þings sem tilkynnt var á þingfundum 4., 5., 12., 13. og 20. október 2010 og er skrá þessi miðuð við 20. október 2010.

11 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Þór Saari tæki sæti Atla Gíslasonar. Á þingfundi 31. mars 2011 var tilkynnt að Álfheiður Ingadóttir hefði tekið við varaformannsembætti.

12 Tilkynnt var á þingfundi 13. október 2010 að Sigurður Kári Kristjánsson, varamaður í leyfi Illuga Gunnarssonar, tæki sæti hans í allsherjarnefnd. Tilkynnt var á þingfundi 14. september 2011 að Illugi Gunnarsson hefði tekið sæti á ný á Alþingi.

13 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Árni Þór Sigurðsson hefði tekið sæti Álfheiðar Ingadóttur. Á þingfundi 31. mars 2011 var tilkynnt að Árni Þór Sigurðsson hefði tekið við varaformannsembætti.

14 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Lilja Mósesdóttir hefði tekið sæti Þórs Saaris.

15 Tilkynnt var á þingfundi 12. október 2010 að Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefði tekið við formennsku í nefndinni af Guðfríði Lilju Grétarsdóttur. Á þingfundi 15. apríl 2011 var tilkynnt að Guðfríður Lilja Grétarsdóttir hefði tekið við formennsku í nefndinni á ný af Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

16 Tilkynnt var á þingfundi 12. október 2010 að Ólafur Þór Gunnarsson hefði tekið við varaformannsembætti af Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur. Á þingfundi 15. apríl 2011 var tilkynnt að Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefði tekið við varaformannsembætti af Ólafi Þór Gunnarssyni.

17 Tilkynnt var á þingfundi 5. maí 2011 að Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hefði tekið sæti Ásmundar Einars Daðasonar.

Íðnaðarnefnd

Kristján L. Möller formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir
varaformaður
Jón Gunnarsson
Magnús Orri Schram
Gunnar Bragi Sveinsson
Lilja Mósesdóttir¹⁸
Tryggvi Þór Herbertsson
Sigmundur Ernir Rúnarsson
Margrét Tryggvadóttir

Menntamálanefnd

Skúli Helgason formaður
Lilja Mósesdóttir varaformaður¹⁹
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Oddný G. Harðardóttir
Eygló Harðardóttir
Þráinn Bertelsson²⁰
Unnur Brá Konráðsdóttir
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Margrét Tryggvadóttir

Samgöngunefnd

Björn Valur Gíslason formaður
Sigmundur Ernir Rúnarsson
varaformaður²¹
Róbert Marshall
Árni Johnsen
Ólína Þorvarðardóttir
Guðmundur Steingrímsson
Lilja Rafney Magnúsdóttir²²
Ásbjörn Óttarsson
Mörður Árnason

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Atli Gíslason formaður²³
Ólína Þorvarðardóttir varaformaður
Einar K. Guðfinnsson
Helgi Hjörvar
Sigurður Ingi Jóhannsson
Björn Valur Gíslason
Jón Gunnarsson
Róbert Marshall
Ásmundur Einar Daðason²⁴

Umhverfisnefnd

Mörður Árnason formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Ólína Þorvarðardóttir
Birgir Ármannsson
Vigdís Hauksdóttir
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Kristján Þór Júlíusson
Skúli Helgason
Birgitta Jónsdóttir

Utanríkismálanefnd

Árni Þór Sigurðsson formaður
Valgerður Bjarnadóttir varaformaður
Bjarni Benediktsson
Helgi Hjörvar
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Ólöf Nordal
Björgvin G. Sigurðsson
Birgitta Jónsdóttir

Viðskiptanefnd

Lilja Mósesdóttir formaður²⁵
Magnús Orri Schram varaformaður
Guðlaugur Þór Þórðarson
Skúli Helgason
Eygló Harðardóttir
Atli Gíslason²⁶
Illugi Gunnarsson²⁷
Valgerður Bjarnadóttir
Margrét Tryggvadóttir

18 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Þráinn Bertelsson hefði tekið seti Lilju Mósesdóttur.

19 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Þuríður Backman hefði tekið seti Lilju Mósesdóttur og 31. mars 2011 að hún hefði tekið við varaformannsembætti.

20 Tilkynnt var á þingfundi 5. maí 2011 að Lilja Rafney Magnúsdóttir hefði tekið seti Þráins Bertelssonar.

21 Tilkynnt var á þingfundi 10. nóvember 2010 að Sigmundur Ernir Rúnarsson hefði verið kjörinn varaformaður nefndarinnar.

22 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Ásmundur Einar Daðason hefði tekið seti Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur. Á þingfundi 5. maí 2011 var tilkynnt að Árni Þór Sigurðsson hefði tekið seti Ásmundar Einars Daðasonar.

23 Tilkynnt var á þingfundi 31. mars 2011 að Lilja Rafney Magnúsdóttir hefði tekið við formennsku af Atla Gíslasyni.

24 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Lilja Rafney Magnúsdóttir hefði tekið seti Ásmundar Einars Daðasonar.

25 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Álfheiður Ingadóttir og Björn Valur Gíslason hefðu verið kosin í nefndina en úr henni hurfu Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason. Tilkynnt var á þingfundi 31. mars 2011 að Álfheiður Ingadóttir hefði tekið við formennsku af Lilju Mósesdóttur.

26 Tilkynnt var á þingfundi 23. mars 2011 að Álfheiður Ingadóttir og Björn Valur Gíslason hefðu verið kosin í nefndina en úr henni hurfu Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason.

27 Sigurður Kári Kristjánsson var varamaður í leyfi Illuga Gunnarssonar. Tilkynnt var á þingfundi 14. september 2011 að Illugi Gunnarsson hefði tekið seti á ný á Alþingi.

Starfshópur utanríkismálanefndar um Evrópumál

Starfshópurinn var skipaður í júlí 2009.
 Árni Þór Sigurðsson formaður
 Birgitta Jónsdóttir
 Bjarni Benediktsson
 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
 Valgerður Bjarnadóttir

Saksóknarnefnd

Kosið var í nefndina í október 2010. Saksóknarnefnd er þingnefnd kosin af Alþingi samkvæmt lögum um landsdóm, nr. 3/1963, til þess að fylgjast með máli sem höfðað er gegn ráðherra út af embættisrekstri hans og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

Atli Gíslason formaður
 Margrét Tryggvadóttir varaformaður
 Birgir Ármannsson
 Höskuldur Þórhallsson
 Jónína Rós Guðmundsdóttir

Þingmannanefnd Íslands og Evrópusambandsins af hálfu Alþingis

Árni Þór Sigurðsson formaður
 Valgerður Bjarnadóttir varaformaður
 Birgitta Jónsdóttir
 Bjarni Benediktsson
 Björgvin G. Sigurðsson
 Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
 Jónína Rós Guðmundsdóttir
 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
 Þorgerður K. Gunnarsdóttir

Þingskapanefnd

Þingskapanefnd er sérnefnd sem fjallaði um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis (nefndaskipan, eftirlitshlutverk Alþingis o.fl.), 596. mál.

Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður
 Árni Þór Sigurðsson
 Birgir Ármannsson
 Birgitta Jónsdóttir
 Gunnar Bragi Sveinsson
 Kristján L. Möller
 Ragnheiður E. Árnadóttir
 Róbert Marshall
 Púriður Backman

Sérnefnd um stjórnarskrármál

Á 139. þingi var frumvarpi um stjórnarskipunarlög vísað til sérnefndar um stjórnarskrármál, (þingseta ráðherra), 7. mál.

Árni Þór Sigurðsson
 Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
 Helgi Hjörvar
 Ólöf Nordal
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
 Siv Friðleifsdóttir
 Valgerður Bjarnadóttir
 Þorgerður K. Gunnarsdóttir
 Þór Saari

Kjörbréfanefnd

Kjörbréfanefnd starfaði á 139. þingi en nefndin hefur það hlutverk að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

Helgi Hjörvar formaður
 Árni Þór Sigurðsson varaformaður
 Álfheiður Ingadóttir
 Ásta R. Jóhannesdóttir
 Birgir Ármannsson
 Margrét Tryggvadóttir
 Ólöf Nordal
 Vigdís Hauksdóttir
 Þórunn Sveinbjarnardóttir



Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2012 var gerð sú breyting að Alþingi hætti útblutun á styrkjum til ýmissa verkefna, félaga, samtaka og einstaklinga og afgreiðsla þeirra var flutt til ráðuneyta, lögbundinna sjóða eða menningarráða landshluta. Á myndinni má sjá þær umsóknir sem bárust til fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga 2011, í síðasta sinn áður en fyrirkomulaginu var breytt.

ALÞJÓÐANEFNDIR

Íslandsdeild

Alþjóðáþingmannasambandsins

Puríður Backman formaður
Einar K. Guðfinnsson varaformaður
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA

Árni Þór Sigurðsson formaður
Valgerður Bjarnadóttir varaformaður
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Þorgerður K. Gunnarsdóttir

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins

Lilja Mósesdóttir formaður
Mörður Árnason varaformaður
Birkir Jón Jónsson

Íslandsdeild NATO-þingsins

Björgvin G. Sigurðsson formaður
Ragnheiður E. Árnadóttir
varaformaður
Birgitta Jónsdóttir

Íslandsdeild Norðurlandaráðs

Helgi Hjörvar formaður
Álfheiður Ingadóttir varaformaður
Ásmundur Einar Daðason
Bjarni Benediktsson
Ragnheiður Ríkharðsdóttir
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
Siv Friðleifsdóttir

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
formaður
Þórunn Sveinbjarnardóttir
varaformaður
Kristján Þór Júlíusson

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins

Ólína Þorvarðardóttir formaður
Lilja Rafney Magnúsdóttir
varaformaður
Sigurður Ingi Jóhannsson
Þráinn Bertelsson
Atli Gíslason
Árni Johnsen

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu

Róbert Marshall formaður
Björn Valur Gíslason varaformaður
Pétur H. Blöndal



Frá fréttamannafundi við upphaf 62. þings Norðurlandaráðs sem haldið var í Reykjavík 2.–4. nóvember 2010. Frá vinstri: Siv Friðleifsdóttir, Helgi Hjörvar og Álfheiður Ingadóttir.



Starfsemi tveggja rannsóknarnefnda, sem tóku til starfa í september 2011, var kynnt á blaðamannafundi sem haldinn var 27. september 2011. Frá vinstri: Tinna Finnbogadóttir hagfræðingur, Bjarni Fr. Karlsson lektor, Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, formaður nefndar um rannsókn á orsökum erfiðleika og falli sparisjóðanna, Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Sigurður Hallur Stefánsson, fyrrverandi héraðsdómari, formaður rannsóknarnefndar um Íbúðalánasjóð, Jón Þorvaldur Heiðarsson hagfræðingur og Kírstín Þ. Flygenring hagfræðingur.

ÞINGSTÖRF 139. LÖGGJAFARÞINGI

Forseti Íslands setti 139. löggjafarþing föstudaginn 1. október 2010. Þingið stóð frá 1. október til 18. desember 2010. Þingfundir hófust að nýju 17. janúar og stóðu til 15. júní 2011 og loks frá 2. til 17. september 2011. Þingfundadagar voru alls 114, þingfundir voru 167 og stóðu í 800 klukkustundir. Lengsta umræðan var um frumvarp um breytingar á Stjórnarráði Íslands og stóð hún í tæpar 59 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í 17 klukkustundir og 15 mínútur.

ÞINGMÁL Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Þingmál sem lögð voru fram á þinginu voru 910. Tala prentaðra þingskjala varð 1.999.

Af 247 frumvörpum urðu alls 136 að lögum og tveimur var vísað til ríkisstjórnarinnar. Eitt frumvarp var kallað aftur og

108 urðu ekki útrædd. Af 162 þingsályktunartillögum voru alls 57 samþykktar sem ályktanir Alþingis, ein var kölluð aftur, ein felld og 103 urðu ekki útræddar.

Lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, var breytt á 139. þingi. Breytingarnar fólust meðal annars í því að ákveðinn var nýr samkomudagur Alþingis, breytingar urðu á fastanefndum sem urðu átta talsins í stað 12 fyrr og þar á meðal var stofnuð ein ný nefnd; stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Einnig var bætt við nýjum kafla í lögum sem ber heitið *Eftirlitsstörf Alþingis og almennar umræður*. Þá var sú nýjung í þingsköpunum að þingskjöl má nú birta rafrænt á heimasíðu Alþingis og telst sú birting jafngilda útbýtingu á þingfundi og í stað umræðna utan dagskrár voru sett inn ákvæði um sérstakar umræður sem settar eru á dagskrá þingfunda. Með breytingum á lögum um þingsköp var þingmönnum

einnig gert skylt að gera skrá um fjárhagslega hagsmuni sína.

Lög um rannsóknarnefndir, nr. 68/2011, voru sett á 139. þingi og í framhaldi af þeim voru afgreiddar tvær þingsályktanir, þingsályktun um rannsókn á Íbúðalánasjóði o.fl. og þingsályktun um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna.

Þriðja lagafrumvarpið um ríkisábyrgð á Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi var samþykkt sem lög frá Alþingi 16. febrúar 2011, nr. 13/2011. Hinn 20. febrúar 2011 synjaði forseti Íslands lögnum staðfestingar í samræmi við 26. gr. stjórnarskrárinnar. Lög nr. 13/2011 voru felld í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fór fram 9. apríl 2011.

Skriflegar skýrslur og álit um þær voru samtals 31 (þar af voru fimm skýrslur frá ráðherrum samkvæmt beiðni).

Munnlegar skýrslur ráðherra voru átta og umræður utan dagskrár 58.

Fyrirspurnir á þingskjölum voru 466. Munnlegar fyrirspurnir voru 114, ein var kölluð aftur og 109 var svarað. Skriflegar fyrirspurnir voru 352, ein var kölluð aftur og bárust 344 skrifleg svör.

Óundirbúnir fyrirspurnatímar voru að jafnaði tvisvar í viku þar sem ráðherrar svöruðu óundirbúið fyrirspurnum frá þingmönnum. Alls svöruðu ráðherrar 271 fyrirspurn óundirbúið.

Störf þingsins voru sett á dagskrá 41 sinni. Umræður utan dagskrár voru 58. Atkvæðagreiðslur voru alls 2.111, flestar fóru fram rafrænt en sex sinnum var viðhaft nafnakall. Atkvæðagreiðslur tóku samtals 32 klukkustundir.

ÞINGFUNDIR Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Á 139. þingi var heildarfundartími 800 klukkustundir. Mestur tími fer jafnan í umræður um lagafrumvörp og tóku þær 419 klukkustundir. Næstmestum tíma þingsins var varið í að ræða þingsályktunartillögur, umræður um þær stóðu í tæpar 90 klukkustundir.

Nánari skiptingu fundartíma á 139. löggjafarþingi má sjá í kökuriti á síðu 17. Hlé og frestanir á fundum koma fram undir liðnum annað í kökuriti. Í töflum hér til hliðar um skiptingu ræðutíma milli umræðna og skiptingu ræðna milli þingflokka eru allar ræður teknar með, svo sem andsvör, athugasemdir og atkvæðaskýringar.



Mest ræddu málin á 139. löggjafarþingi

Heiti máls	Tími í klst.
Stjórnarráð Íslands	59
Fjárlög 2011	34
Stjórn fiskveiða	31
Samningar um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda til breska og hollenska ríkisins (Icesave)	28
Skipun stjórnlagaráðs	20
Gjaldeyrismál og tollalög	19

Skipting allra ræðna milli þingflokka á 139. þingi

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
Framsóknarflokkur	2.598	122
Hreyfingin	465	21
Samfylkingin	3.178	140
Sjálfstæðisflokkur	4.923	257
Vinstri hreyfingin – grænt framboð	2.116	100
Utan þingflokka	181	8

Skipting ræðutíma milli umræðna um afgreidd lagafrumvörp á 139. þingi

	Fjöldi ræðna	Tími í klst.
1. umræða	2.347	121
2. umræða	3.339	191
3. umræða	1.110	47



Frá þingfundum á 139. löggjafarþingi. Þingfundadagar voru alls 114, haldnir voru 167 þingfundir sem stóðu í 800 klukkustundir.

LAGAFRUMVÖRP Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlögð	Afgreidd sem lög	Afgreidd samhljóða	Afgreidd með ágreiningi	Vísað til ríkisstjórnar	Kölluð aftur	Óafgreidd
Ríkisstjórn	139	108	51	57	0	1	30
Stjórnarþingmenn	26	11	6	5	1	0	14
Stjórnarandstöðupingmenn ²⁸	66	2	1	1	1	0	63
Nefnd eða hluti nefndar	16	15	10	5	0	0	1
Samtals	247	136	68	68	2	1	108

ÞINGSÁLYKTUNARTILLÖGUR Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Flutningsmenn	Alls framlögð	Afgreidd sem lög	Afgreidd samhljóða	Afgreidd með ágreiningi	Vísað til ríkisstjórnar	Kölluð aftur	Óafgreidd
Ríkisstjórn	40	38	14	24	0	0	2
Stjórnarþingmenn	40	10	7	3	0	1	29
Stjórnarandstöðupingmenn	77	5	4	1	1	0	71
Nefnd eða hluti nefndar	5	4	3	1	0	0	1
Samtals	162	57	28	29	1	1	103


FYRIRSPURNIR Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Ósk um munnlegt svar			Ósk um skriflegt svar			Óundirbúnar fyrirspurnir
Fjöldi	Svarað	Kallaðar aftur	Fjöldi	Svarað	Kallaðar aftur	
114	109	1	352	344	1	271

SKÝRSLUR OG ÁLIT NEFNDA Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Skýrslur ráðherra	Skýrslur ráðherra samkvæmt beiðni (en beiðnir voru alls átta)	Munnlegar skýrslur	Skýrslur frá alþjóða-nefndum	Skýrslur frá fastanefndum	Álit nefnda um skýrslur
8	5	8	8	1	9

Skipting fundartíma á 139. löggjafarþingi



²⁸ Þar með taldir þingmenn utan þingflokka.

Nefndastörf á 139. löggjafarþingi

	Fundir	Fundartími (klst.)	Mál til nefnda	Mál afgreidd frá nefndum			Umsagnar- beiðnir	Erindi til nefnda	Gestir nefnda	Mál flutt af nefndum
				sanntals	1 álit	2 eða fleiri álit				
Allsherjarnefnd	69	105	51	25	13	12	1.344	494	212	4
Efnahags- og skattanefnd	72	116	36	21	12	9	1.403	591	495	4
Félags- og tryggingamálanefnd	75	140	20	16	12	4	1.340	306	423	4
Fjárlaganefnd	79	185	5	5	1	4	18	43	590	5
Heilbrigðisnefnd	45	63	10	5	1	4	323	171	240	0
Iðnaðarnefnd	63	91	20	13	9	4	860	252	187	1
Menntamálanefnd	66	106	22	11	7	4	1.455	221	329	4
Samgöngunefnd	44	66	20	10	8	2	505	201	175	0
Sérnefnd um stjórnarskrármál	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd	52	67	18	10	6	4	501	191	229	1
Umhverfisnefnd	61	80	14	12	5	7	755	209	198	2
Utanríkismálanefnd	54	61	49	43	38	5	337	94	201	1
Viðskiptanefnd	72	107	29	21	8	13	657	322	443	3
Þingskapanefnd	15	19	1	1	1	0	0	2	5	0
Efnahags- og skattanefnd, fjárlaganefnd og viðskiptanefnd	1	2	0	0	0	0	0	0	3	0
Starfshópur utanríkismálanefndar um Evrópumál	11	14	0	0	0	0	0	0	78	0
Kjörbrefanefnd	2	0.5	0	0	0	0	0	0	0	0
Saksóknarnefnd	8	5	0	0	0	0	0	0	9	0
Þingmannanefnd til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	790	1.229	296	193	121	72	9.498	3.097	3.817	29

FERÐIR FASTANEFNDA INNAN LANDS Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Allsherjarnefnd og heilbrigðisnefnd	Nefndarmenn heimsóttu gossvæðið undir Eyjafjöllum 6. maí 2011. Þeir kynntu sér málefni sveitarfélagsins, störf björgunarsveita, almannavarna og heilsugæslunnar og fleira.
--	--

OPNIR NEFNDAFUNDIR Á 139. ÞINGI

Nefnd og dagsetning	Efni fundar	Gestir
Allsherjarnefnd 29. nóvember 2010	Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir starfsárið 2009.	Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, og Róbert R. Spanó, settur umboðsmaður.
Efnahags- og skattanefnd, fjárlaganefnd og viðskiptanefnd 4. mars 2011	Fundur með Seðlabanka Íslands.	Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Rannveig Sigurðardóttir, ritari peningastefnunar, og Þórarinn G. Pétursson, aðalhaf fræðingur Seðlabankans.
Umhverfisnefnd 4. mars 2011	Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.	Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Glóey Finnsdóttir, lögfræðingur í umhverfisráðuneyti, Hugl Ólafsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneyti, og Kristveig Sigurðardóttir, formaður stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.
Samgöngunefnd 25. mars 2011	Vaðlaheiðargöng.	Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Hreinn Haraldsson vegamála- stjóri, Jón Þ. Heiðarsson, sérfræðingur við Háskólann á Akureyri, Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, stjórnarformaður Vaðlaheiðarganga hf., og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda.



Stofnfundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins í Þjóðmenningarhúsinu 5. október 2010. Frá vinstri: Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, Stígur Stefánsson, deildarstjóri alþjóðanefnda, Árni Þór Sigurðsson alþingismaður og Evrópuþingmennirnir Pat the Cope Gallagher og Petru Luban.

ÞINGNEFNDIR Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Fastanefndir héldu fundi venju samkvæmt fyrir hádegi þingfundadagana. 19 dagar voru ætlaðir eingöngu til nefndastarfa samkvæmt starfsáætlun. Jafnframt voru haldnir 12 nefndadagar í ágúst og september og urðu nefndadagar því samtals 31. Alls héldu fastanefndir 780 fundi sem stóðu í samtals 1.223 klukkustundir. Samtals komu 3.808 gestir á fundi fastanefndanna og 296 þingmálum var vísað til þeirra. Þar af voru 192 lagafrumvörp, 136 þeirra frá ríkisstjórn en 56 flutt af þingmönnum. 30 þingmálum var vísað aftur til nefnda milli 2. og 3. umræðu.

Nefndirnar sendu 9.498 beiðnir um umsagnir um samtals 239 þingmál. Um þau mál bárust 3.097 erindi. 158 erindi bárust um önnur mál.

Nefndirnar afgreiddu með nefndarálit 138 lagafrumvörp, þ.e. 119 stjórnarfrumvörp og 19 þingmannafrumvörp. Af þingsályktunartillögum sem vísað var til nefnda voru 37 frá ríkisstjórn, 36 afgreidd-

ar með nefndarálit, 67 voru frá þingmönnum og 19 afgreiddar með nefndarálit.

Þrjár þingsályktunartillögur um þingfrestun voru afgreiddar við eina umræðu og var þeim samkvæmt venju ekki vísað til nefndar.

Við þinglok voru 100 þingmál enn til umfjöllunar hjá nefndum. Fastanefndir (eða meiri hlutar þeirra) fluttu 16 frumvörp og fimm tillögur til þingsályktunar í eigin nafni og voru öll þingmálin afgreidd nema tvö.

Fjórir opnir nefndafundir voru haldnir, sjá töflu á síðu 18.

Stofnfundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins var haldinn þriðjudaginn 5. október 2010. Sameiginlega þingmannanefndin er skipuð þingmönnum Evrópuþingsins og þjóðþings umsóknarríkis og er slíki nefnd ætíð komið á fót í aðildarviðræðuferli. Hlutverk sameiginlegrar þingmannanefndarinnar er að fylgjast með samskiptum Íslands og Evrópusambandsins og þá

sérstaklega umsóknar- og aðildarviðræðuferlinu. Í hinni sameiginlegu þingmannanefnd Íslands og Evrópusambandsins eru 18 þingmenn, níu frá Alþingi og níu frá Evrópuþinginu. Annar fundur nefndarinnar var haldinn 27. apríl 2011 í Þjóðmenningarhúsinu og í húsakynnum Helliðarvirkjunar.

Í júlí 2009 skipaði utanríkismálanefnd Alþingis sérstakan starfshóp um Evrópumál í samræmi við nefndarálit meiri hluta nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Starfshópurinn fundaði reglubundið með utanríkisráðherra og samninganefnd Íslands á 139. þingi og sat þar að auki í samráðshópi ríkisstjórnarinnar og hagsmunaaðila.

Saksóknarnefnd, sem starfar samkvæmt lögum um landsdóm, nr. 3/1963, fundaði átta sinnum á 139. þingi. Hlutverk hennar var að hafa eftirlit með því að saksóknari Alþingis framfylgdi ákvörðun þingsins um málshöfðun gegn ráðherra. Að auki veitti nefndin saksóknara þá aðstoð sem hann þurfti á að halda til að honum væri fært að annast þau verk sem honum voru falin samkvæmt lögum og ákvörðun Alþingis.

Nánari upplýsingar um nefndastörf á 139. þingi, um nefndafundi og lengd þeirra, svo og afgreiðslu þingmála og skiptingu milli fastanefndanna átta og annarra nefnda sem störfuðu á þinginu er að finna í töflu á síðu 18.

ERLEND SAMSKIPTI

HEIMSÓKNIR OG FUNDIR FORSETA ALÞINGIS Í ÚTLÖNDUM Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Lúxemborg 18.–19. október 2010	Fundur þingforseta evrópskra smárikja. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Brussel 3.–5. apríl 2011	Fundur þingforseta aðildar- og umsóknarríkja Evrópusambandsins. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Ósló 16.–19. maí 2011	Opinber heimsókn til Noregs. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Álfheiður Ingadóttir, Kristján Þór Júlíusson, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Vágar 28. júní 2011	Vestnorrænn þingforsetafundur. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Karl M. Kristjánsson, aðstoðarskrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Pädaste 18.–19. ágúst 2011	Fundur þingforseta Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Tallinn 20. ágúst 2011	20 ára lýðveldisafmæli Eistlands. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Ríga 21.–23. ágúst 2011	20 ára lýðveldisafmæli Lettlands. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis, og Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.



Dr. Norbert Lammert, forseti þýska sambandsþingsins, var í opinberri heimsókn á Íslandi 28. febrúar til 3. mars 2011. Hér ræðir dr. Lammert við Ástu R. Jóhannesdóttur, forseta Alþingis.

ERLEND SAMSKIPTI FASTANEFNDA Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Utanríkismálanefnd	Fundur utanríkismálanefndar í Þýska þinginu í Berlín 16.–17. september 2010.
	COFACC-fundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga ESB í Brussel 18.–19. október 2010.
	COSAC-fundur Evrópunefnda þjóðþinga ESB í Brussel 24.–26. október 2010.
	Fundur formanna utanríkismálanefnda Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Vilnius 14.–15. nóvember 2010.
	COSAC-fundur formanna Evrópunefnda þjóðþinga ESB í Búdapest 10.–11. febrúar 2011.
	COFACC-fundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga ESB í Búdapest 5.–6. maí 2011.
	Fundur formanna utanríkismálanefnda Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (NB8) í Ósló 22.–23. maí 2011.
	COSAC-fundur Evrópunefnda þjóðþinga ESB í Búdapest 29.–31. maí 2011.
	COSAC-fundur formanna Evrópunefnda þjóðþinga ESB í Varsjá 10.–11. júlí 2011.
	COFACC-fundur formanna utanríkismálanefnda þjóðþinga ESB í Varsjá 4.–6. september 2011.
	Ferð utanríkismálanefndar til Helsinki, Tallinn, Ríga og Kaupmannahafnar 18.–23. september 2011.

STÖRF ALÞJÓÐANEFNDA Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Íslandsdeild Alþjóðþingmannasambandsins	Þing í Genf 4.–6. október 2010 og í Panama 15.–20. apríl 2011. Norraenir samráðsfundir í Helsinki 30. mars 2011 og í Turku 23. september 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 874.</i>
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA	Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Tírana og Belgrad 26.–29. október 2010. Fundur þingmanna og ráðherra EFTA og fundur þingmannanefndar EES í Brussel, Genf og Strassborg 22.–25. nóvember 2010. Fundur þingmannanefndar EFTA í Brussel 21. febrúar 2011. Fundur framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Hanoi 22.–25. febrúar 2011. Fundur þingmannanefndar EES í Ósló og á Svalbarða 11.–15. apríl 2011. Fundur þingmanna og ráðherra EFTA í Vaduz 20.–22. júní 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 862.</i>



Frá setningu 62. þings Norðurlandaráðs í Reykjavík 2. nóvember 2010. Frá hægri: Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, og forsatsráðherrar Norðurlandanna, Fredrik Reinfeldt, Jens Stoltenberg, Jóhanna Sigurðardóttir, Mari Kiviniemi og Lars Løkke Rasmussen.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins	Fundir Evrópuráðsþingsins í Strassborg 4.–8. október 2010, 24.–28. janúar, 11.–15. apríl og 20.–24. júní 2011.
	Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í París 11. mars 2011 og í Kænugarði 27. maí 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 836.</i>
Íslandsdeild NATO-þingsins	Ársfundur NATO-þingsins í Varsjá 12.–16. nóvember 2010.
	Fundir varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins í Washington og San Diego 31. janúar til 4. febrúar 2011.
	Febrúarfundur NATO-þingsins í Brussel 20.–22. febrúar 2011.
	Fundur stjórnarnefndar NATO-þingsins á Azoreyjum 1.–3. apríl 2011.
	Fundur varnar- og öryggismálanefndar NATO-þingsins í Haag 18.–20. apríl 2011.
	Vorfundur NATO-þingsins í Varna 27.–30. maí 2011.
	Ráðstefna um norðurskautsmál í Tromsø 22.–24. júní 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 860.</i>
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	Septemberfundir Norðurlandaráðs í Malmö 21.–22. september 2010.
	Norðurlandaráðsþing í Reykjavík 2.–4. nóvember 2010.
	Leiðtogafundur Norðurlandaráðs og Eyrstrasaltsþingsins og fundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Majvík 7.–8. desember 2010.
	Fundur fjárlagahóps Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn 20. janúar 2011.
	Janúarfundur Norðurlandaráðs í Esbo 25.–26. janúar 2011.
	Marsfundir Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 30.–31. mars 2011.
	Heimsókn Norðurlandaráðs til héraðsþings Pskov 16.–20. maí 2011.
	Sumarfundur velferðarnefndar Norðurlandaráðs í Árósum, Kaupmannahöfn og Malmö 26.–29. júní 2011.
	Sumarfundur forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Brussel 28.–30. júní 2011.
	Þingmannaráðstefna Eyrstrasaltssvæðisins 28.–30. ágúst 2011.
	Septemberfundir Norðurlandaráðs í Ósló 20.–21. september 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 943.</i>
Íslandsdeild þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál	Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál í Brussel 13.–15. september 2010.
	Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Ottawa 16. nóvember 2010.
	Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál og ráðstefna um „Norðlægu víddina“ í Tromsø 22. febrúar 2011.
	Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Reykjavík 9.–10. júní 2011. Ráðstefna um norðurskautsmál í Tromsø 22.–24. júní 2011.
	Fundur þingmannanefndar um norðurskautsmál í Syktyvkar 28.–29. september 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 861.</i>
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins	Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Reykjavík 1. nóvember 2010.
	Fundur forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Tromsø 21. febrúar 2011.
	Fundur Vestnorræna ráðsins og Evrópuþingsins í Nuuk 19.–20. maí 2011.
	Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins í Þórshöfn 7.–9. júní 2011.
	Ársfundur Vestnorræna ráðsins á Bifröst 23.–25. ágúst 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 838.</i>
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	Fundur gagnsæis- og ábyrgðarnefndar ÖSE-þingsins í Vín 6. september 2010.
	Hautfundur þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Palermó 8.–11. október 2010.
	Vetrarfundur þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín 24.–25. febrúar 2011.
	Fundur gagnsæis- og ábyrgðarnefndar ÖSE-þingsins í Vín 23. maí 2011.
	Ársfundur þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Belgrad 6.–10. júlí 2011. <i>Sjá nánar um störf deildarinnar í ársskýrslu á þingskjali 837.</i>

**ÞÁTTTAKA ÞINGMANNA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM ERLENDIS (ÖÐRUM EN FUNDUM ALÞJÓÐANEFNDA)
Á 139. LÖGGJAFARÞINGI**

New York 17.–29. október 2010	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.
Brussel 13. september 2010	Þingmannaráðstefna um norðurskautsmál.

ERLENDAR HEIMSÓKNIR TIL ALÞINGIS Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

4. og 5. október 2010 og 27. apríl 2011	Fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins í Reykjavík.
1. mars 2011	Opinber heimsókn forseta þýska sambandsþingsins.
11.–14. maí 2011	Heimsókn varaforseta Dúmunnar.
5.–7. september 2011	Opinber heimsókn forseta króatíska þingsins.
6. september 2011	Heimsókn formanns grænlenku heimastjórnarinnar.
8. september 2011	Heimsókn varaforsætisráðherra Víetnams.
8. september 2011	Heimsókn utanríkismálanefndar Evrópuþingsins.
11.–13. september 2011	Heimsókn varaforseta kínverska ráðgjafarþingsins.



Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, var viðstödd minningarathöfn í Ósló að morgni þjóðhátíðardags Norðmanna 17. maí, í opinberri heimsókn í Noregi 16.–19. maí 2011. Á myndinni má sjá Kristján Þór Júlíusson, Álfheiði Ingadóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, Hans Brattestå, skrifstofustjóra norska þingsins, Dag Terje Andersen, forseta norska þingsins, og fulltrúa norska hersins.



Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, fór á fund Haraldar Noregskonungs í opinberri heimsókn í Noregi í maí 2011.

ÚTGÁFUEFNI ALÞINGIS OG FRÆÐSLA FYRIR ALMENNING

VEFUR ALÞINGIS

Meginhlutverk vefs Alþingis er að veita aðgang að gögnum sem varða störf Alþingis. Á forsíðu vefsins eru fyrst og fremst birtar upplýsingar um yfirstandandi þing en efni frá fyrri þingum um þingmenn, þingmál og þingfundi er einnig á vefnum. Lög í lagasafni eru það efni sem mest er sótt á vefinn en þó eru sveiflur í notkun vefsins sem tengjast greinilega störfum þingsins því gestum/notendum á vef

fækkar í þinghléum en fjölgar á ný þegar þing kemur aftur saman. Flestar heimsóknir á árinu 2010, miðað við mánuð, voru í apríl, 194.999 innlit, en fæst voru innlitin í júlí, 53.090. Árið 2010 voru að meðaltali 39.028 notendur/gestir á mánuði, 115.187 innlit og 567.443 flettingar. Stakir notendur yfir árið voru 310.652, innlit voru samtals 1.382.239 á árinu og flettingar samtals 6.809.315.

SKJALAAFGREIÐSLA FYRIR ALMENNING

Hjá skjalaafgreiðslu eru þingskjöl afgreidd til almennings og innan skrifstofu þingsins. Þar eru einnig veittar upplýsingar í síma um leit á vef Alþingis. Gestakomum og fyrirspurnum hefur farið fækkandi á síðustu árum enda er orðið til muna auðveldara að nálgast upplýsingar á vef.

HEIMSÓKNIR SKÓLANEMA OG ANNARRA HÓPA Í ALÞINGISHÚSIÐ

Árið 2011 komu 4.392 gestir í Alþingishúsið og að auki komu 3.140 gestir þegar Alþingishúsið var opið almenningi 17. júní 2011. Flestir gestanna eru nemendur sem koma í skipulögðum heimsóknum á vegum skóla, grunnskólanemar voru 1.443, framhaldsskólanemar 1.145 og háskólanemar 382. Tölur um heimsóknir ná ekki yfir gesti sem koma á þingpalla til að hlýða á þingfundi, gesti þingforseta eða nemendur sem koma í Skólaþing, kennsluver Alþingis. Í Skólaþing komu 1.506 grunnskólanemar í um 70 heimsóknum, flestir í 10. bekk.

EFNI ÚTGEFIÐ AF ALÞINGI Á 139. LÖGGJAFARÞINGI

Alþingistíðindi – þingfundir, ræður og skjöl	Birt á vef Alþingis
Ársskýrsla Alþingis 2008–2009	Desember 2010
Bústaðalisti	Október 2010
Hagfréttir upplýsingaþjónustu	Vikulega á þingtíma
Símaskrá Alþingis	Haut 2010
Staða mála í fastanefndum	Vikulega á þingfundatíma
Starfsáætlun Alþingis	Við upphaf þings í október 2010
Velkomin á þingpalla	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út sex sinnum
Yfirlit yfir alþjóðanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar
Yfirlit yfir fastanefndir	Uppfært eftir þörfum á þingtíma, kom út tvisvar
Fræðsluefni, fjórblöðungur um Háskóla Íslands og Jón Sigurðsson	Júní 2011



Sýning um þingstörf Jóns Sigurðssonar forseta og starfsemi Háskóla Íslands var opin í Alþingishúsinu 17. júní 2011. Rúmlega 3.000 gestir lögðu leið sína í húsið þann dag.

STARFSMENN SKRIFSTOFU ALÞINGIS
1. JANÚAR 2011

SKRIFSTOFUSTJÓRI

Helgi Bernóðsson.

AÐSTOÐARSKRIFSTOFUSTJÓRAR

Karl M. Kristjánsson,
aðstoðarskrifstofustjóri, rekstur –
staðgengill skrifstofustjóra.
Vigdís Jónsdóttir,
aðstoðarskrifstofustjóri, þingstörf.
Þorsteinn Magnússon,
aðstoðarskrifstofustjóri, stjórnsýsla.

SKRIFSTOFA FORSETA ALÞINGIS

Guðmundur Guðmarsson skjalastjóri.
Jón Einar Böðvarsson, skjalavörður og
ritstjóri efnisyfirlits.
Jörundur Kristjánsson alþjóðaritari.
Hafðís Þórólfsdóttir ritari.
Þórhallur Vilhjálmsson aðallögfræðingur.

ÞINGFUNDASKRIFSTOFA

Ingvar Þór Sigurðsson forstöðumaður.
Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.
Berglind Karlsdóttir fulltrúi
(launalaust leyfi).
Hlöðver Ellertsson fulltrúi.
Björgvin Geir Kemp tæknistjóri.

FJÁRMÁLASKRIFSTOFA

Ágúst Karlsson aðalbókari.
Fjóla Bergrós Valdimarsdóttir,
gjaldkeri og launafulltrúi.
Ingibjörg Jónsdóttir fulltrúi.
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.
Saga Steinþórsdóttir launafulltrúi.

NEFNDASVIÐ

Sigrún Brynja Einarisdóttir
forstöðumaður (námsleyfi).

Fastanefndir

Elín Valdís Þorsteinsdóttir deildarstjóri.
Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir,
skjalalesari/ritari.
Benedikt S. Benediktsson deildarstjóri.
Brynhildur Pálmarsdóttir nefndarritari.
Eiríkur Áki Eggertsson nefndarritari.
Elín Valdís Þorsteinsdóttir deildarstjóri.

Guðríður Sigurðardóttir matráðskona.
Hanna Sigríður Garðarsdóttir
matráðskona.
Hildur Eva Sigurðardóttir nefndarritari.
Kristín Einarisdóttir nefndarritari.
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.
Ólafur Elfar Sigurðsson nefndarritari.
Ragnheiður Sumarliðadóttir,
umsjónarmaður (veikindaleyfi).
Selma Hafliðadóttir nefndarritari.
Sigríður Svana Helgadóttir nefndarritari.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.
Þröstur Freyr Gylfason nefndarritari.

Alþjóðanefndir

Stígur Stefánsson deildarstjóri.
Arna Gerður Bang alþjóðaritari.
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.
Kjartan Fjeldsted alþjóðaritari.
Lárus Valgarðsson alþjóðaritari.

Skjaladeild

Svala Valdemarsdóttir deildarstjóri.
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.
Erna Erlingsdóttir skjalalesari.
Friðrik Magnússon ritstjóri.
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir,
ritstjóri skjala.
Haukur Hannesson skjalalesari.
Hugrún R. Hólmgeirsdóttir skjalalesari.
Þórdís Kristleifsdóttir skjalalesari.

UPPLÝSINGA- OG ÚTGÁFUSVIÐ

Solveig K. Jónsdóttir forstöðumaður.

Almannatengsl

Hildur Gróa Gunnarsdóttir,
deildarstjóri og vefritstjóri.
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
upplýsingafulltrúi.

Ræðuútgáfa

María Gréta Guðjónsdóttir,
deildarstjóri og ritstjóri.
Sigurlín Hermannsdóttir,
deildarstjóri og ritstjóri.
Berglind Steinsdóttir ræðulesari.
Birgitta Bragadóttir ræðulesari.
Eva Sigríður Ólafsdóttir ræðulesari.

Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.
Laufey Einarisdóttir ræðulesari.
Lydía Ósk Óskarsdóttir ræðulesari.
Pétur Einarsson, umsjónarmaður
skjalageymslu.
Svanhildur Edda Þórðardóttir
ræðulesari (veikindaleyfi).
Sverrir Herbertsson, umsjónarmaður
skjalageymslu.

Skönnun Alþingistiðinda, Ólafsfirði

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri.
Guðný Ágústsdóttir fjarvinnsluritari.
Kristjana Rannveig Sveinsdóttir
fjarvinnsluritari.
Sigríður Guðmundsdóttir
fjarvinnsluritari.
Þorvaldur Hreinsson fjarvinnsluritari.

Upplýsingaþjónusta

Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.
Guðbjörg Kristín Kjartansdóttir fulltrúi.
Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og
upplýsingafræðingur.
Jón Ólafur Ísberg sérfræðingur.
Viggó Gíslason, bókasafns- og
upplýsingafræðingur.

REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Ólöf Þórarinsdóttir, forstöðumaður/
deildarstjóri almennrar þjónustu.

Almenn þjónusta

Bentína Haraldsdóttir umsjónarmaður.
Bess Renee Neal ræstir.
Dóra Guðrún Pálsdóttir, ritari
þingmanna.
Eggert Jónsson, umsjónarmaður fasteigna.
Egill Arnarson, ritari þingmanna.
Heather Kay Millard ræstir.
Joanne Elizabeth Kearney ræstir.
Jóna Aðalheiður Pálmadóttir ræstir.
Jóna Brynja Tómasdóttir ræstir.
Katarzyna Wozniowska ræstir.
Magnúsína G. Valdimarsdóttir,
þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Natalia Viktorovna Kovachkina ræstir.
Olga Vazquez Lopez ræstir.
Ólafía Kristín Jónsdóttir, ritari
þingmanna.

Ólafur G. Thorarensen,
umsjónarmaður fasteigna.
Ragnheiður Gunnarsdóttir,
þjónustufulltrúi á skiptiborði.
Rakel Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi á
skiptiborði.
Rannveig Haraldsdóttir, ritari þingmanna.
Regína Óskarsdóttir, ritari þingmanna.
Sighvatur Hilmar Arnmundsson,
ritari þingmanna.
Sigríður Dögg Guðmundsdóttir
þjónustufulltrúi.
Sveinbjörg Svana Björnsdóttir
framreiðslukona.
Sveinborg Steinunn Olsen
framreiðslukona.

Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir
matráðskona.
Þórunn Einarsdóttir ræstir.
Tölvudeild
Þorbjörg Árnadóttir deildarstjóri.
Dejan Rackov forritari.
Garðar Adolfsson kerfisstjóri.
Grímur Jónsson kerfisstjóri.
Ingvi Stígsson verkefnastjóri.
Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri.
Þingvarsla
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.
Agnar Berg Sigurðsson næturvörður.
Brynjar Nikulás Benediktsson þingvörður.
Friðleifur Helgason þingvörður.

Gísli Ólafsson þingvörður.
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.
Kjartan Egilsson þingvörður.
Kristín Halla Hilmarsdóttir þingvörður.
María Ditas de Jesus þingvörður.
Páll Ólafsson næturvörður.
Sigurður Guðmundsson næturvörður.
Sigurjón Sigurðsson næturvörður.
Smári Sæmundsson næturvörður.
Vilhjálmur Gunnar Jónsson þingvörður.
Þormóður Sveinsson vaktstjóri.

ERLEND SAMSKIPTI STARFSFÓLKS Á ÁRINU 2010

Kaupmannahöfn	Fundur starfsmanna þingbókasafnanna á Norðurlöndum. Viggó Gíslason, bókasafns- og upplýsingafræðingur á upplýsinga- og útgáfuviði.
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur í stjórn Jónshúss. Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri.
Birmingham	Sýning á öryggisbúnaði. Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þingvörslu.
Haag	Ráðstefna um vefmál evrópskra þjóðþinga, ECPRD (European Centre for Parliamentary Research and Documentation). Ingvi Stígsson, verkefnastjóri í tölvudeild.
Ósló	Námskeið á vegum ECPRD. Ingvar Þór Sigurðsson, forstöðumaður þingfundaskrifstofu.
Stokkhólmur	Forráðstefna deildar bókasafna og rannsóknþjónustu þjóðþinga, IFLA (International Federation of Library Associations). Kristín Geirsdóttir, deildarstjóri upplýsingaþjónustu, og Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur á upplýsinga- og útgáfuviði.
Nuuk	Fundur norræna nefndarritara. Elín Valdís Þorsteinsdóttir, deildarstjóri fastanefnda, og Selma Hafliðadóttir, nefndarritari á nefndasviði.
Ósló	Fundur upplýsingadeilda norrænu þjóðþinganna. Hildur Gróa Gunnarsdóttir, deildarstjóri almannatengsla.
Kaupmannahöfn	10. ráðstefna norrænu þjóðþinganna um þingstörf (Formalias Venner). Helgi Bernóðusson skrifstofustjóri, Vigdís Jónsdóttir aðstoðarskrifstofustjóri og Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari á nefndasviði.
Helsinki	12. ráðstefna norrænu þjóðþinganna um upplýsingatækni (Nordic Parliaments IT Conference). Garðar Adolfsson, kerfisstjóri í tölvudeild, og Sveinn Ásgeir Jónsson, net- og kerfisstjóri í tölvudeild.
Kaupmannahöfn	Stjórnarfundur í stjórn Jónshúss, samráðsfundur með notendum og fleirum, Karl M. Kristjánsson aðstoðarskrifstofustjóri.
Búkarest	ECPRD-ráðstefna. Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri tölvudeildar.
Ósló	Námsferð í norska Stórþingið. Jón Ólafur Ísberg, sérfræðingur í upplýsingaþjónustu, á upplýsinga- og útgáfuviði.
London	Ráðstefnan Online Information. Guðný Ragnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur á upplýsinga- og útgáfuviði.

YFIRSTJÓRN OG FORSTÖÐUMENN

Líkt og á undanförunum árum hélt yfir-
stjórn skrifstofunnar vikulega fundi á með-
an þing sat en færri fundir voru í
þinghléum. Fundir voru yfirleitt haldnir á
þriðjudagsmorgnum og stóð hver þeirra að
jafnaði í eina og hálf klukkustund. Á 139.
þingi hélt yfirstjórn 38 fundi. Yfirstjórn og
forstöðumenn funduðu saman að jafnaði
hálfsmánaðarlega að loknum fundum
yfirstjórnar, og voru 12 slíkir fundir haldnir
á 139. þingi.

STARFSFÓLK

Við árslok 2010 voru 123 starfsmenn í
vinnu hjá Alþingi í 113,5 stöðugildum, 49
karlmenn í 46,5 stöðugildum og 74 konur
í 67 stöðugildum. Meðalaldur starfsmanna
var 49 ár. Sex starfsmenn fóru í fæðingar-
orlof á árinu, 14 starfsmenn létu af störfum
og 12 nýir starfsmenn hófu störf.

Heildarársverk á skrifstofu Alþingis árið
2010 voru samtals 111,5, í 113,5 stöðugild-
um, samanborið við 113,5 ársverk árið
2009.

Þrjú verktakar unnu við fjarvinnslu-
verkefni í ræðuritun á upplýsinga- og
útgáfuviði. Í Ólafsfirði unnu fimm
starfsmenn við skönnun á Alþingistíð-
indum frá fyrri árum til vefbirtingar. Á

Hvammstanga var unnið við skráningu efnisyfirlita eldri Alþingistíðinda í verk-takavinnu.

Skrifstofa Alþingis annaðist einnig um-sjón launa starfsmanns Vestnorræna ráðs-ins. Þá fékk einn starfsmaður í Jónshúsi í Kaupmannahöfn greidd laun frá skrif-stofunni.

STARFSMENN KVADDIR VIÐ STARFSLOK

Tveir af starfsmönnum skrifstofunnar létu af störfum á 139. þingi, Hafdís Þór-ólfsdóttir og Margrét Ósk Árnadóttir. Þeim voru þökkuð góð og farsæl störf á skrifstofu Alþingis og færð blóm og gjafir í þakk-lætisskyni, bæði frá skrifstofu Alþingis og Félagi starfsmanna Alþingis.

FRÆÐAFÉLAG STARFSMANNA

Innan skrifstofunnar er starfandi Fræða-félag sem er vettvangur starfsfólks Alþingis fyrir umræður um efni sem hefur ríka skír-skotun til starfa þess fyrir þingið. Á 139. þingi stóð félagið fyrir fjórum vel sóttum fræðslufundum. 15. október 2010 hélt Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrif-stofustjóri erindi um endurskoðun stjórn-arskrárinnar og fyrirhugað stjórnlagabing en hann var formaður undirbúningsnefnd-ar stjórnlagabings. Ingvar Þór Sigurðsson, forstöðumaður þingfundaskrifstofu, hélt erindi um rétt minni hluta í þjóðþingum 29. október 2010 og greindi frá ráðstefnu sem hann sótti um efnið í Ósló. Jón Ólafur

Ísberg, sérfræðingur í upplýsingaþjón-ustu, hélt erindi um upplýsingamiðlun og rannsóknþjónustu norska þingsins 12. nóvember 2010 eftir að hafa farið í kynnisferð til Óslóar.

Þá var fundur í Fræðafélaginu 25. febr-úar 2011 þar sem var fjallað um atburðinn sem varð í Alþingishúsinu 8. desember 2008. Helgi Bernóðusson skrifstofustjóri fór yfir atburðarrás og kringumstæður, Guðlaugur Ágústsson, deildarstjóri þing-vörslu, sýndi og skýrði myndbandsupptöku af atvikinu og Þórhallur Vilhjálmsson, aðallögfræðingur skrifstofu Alþingis, ræddi um dóm héraðsdóms Reykjavíkur um málið.



Starfsmenn skrifstofu Alþingis afhentu gestum fræðslufni í opnu húsi 17. júní 2011.

HÚSAKOSTUR ALÞINGIS

HÚS Í EIGU ALÞINGIS OG LEIGUHÚSNÆÐI

STARFSEMI

Alþingishúsið	Þingsalur, fundarherbergi, vinnuástaða fréttamanna og skrifstofur starfsfólks.
Skáli	Aðalinngangur í Alþingishúsið, pósthólf þingmanna, fundarherbergi, símaskiptiborð, matsalur, bílageymsla og ljósritun.
Þórshamar	Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs og rekstrar- og þjónustusviðs.
Vonarstræti 8	Skrifstofur starfsfólks upplýsinga- og útgáfusviðs.
Vonarstræti 12 – Skúlahús	Húsið var flutt af lóðinni Vonarstræti 12 á nýjan kjallara á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis í árslok 2010. Kjallarinn er byggður yfir viðarstig sem kom í ljós er grafið var fyrir fornleifum á reitnum (sjá nánar á síðu 29). Frágangi hússins var ólokið í árslok.
Blöndahls- og Kristjánshús	Skrifstofur forseta Alþingis, skrifstofustjóra, starfsfólks forseta- og fjármálaskrifstofu.
Jónshús í Kaupmannahöfn	Minningarsafn í Kaupmannahöfn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Félagsheimili og bókasafn Íslendinga í Kaupmannahöfn.
Fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn	Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum.
Austurstræti 8–10A	Fundarherbergi fastanefnda. Skrifstofur þingflokka Sjálfstæðisflokks og Hreyfingarinnar. Skrifstofur starfsfólks nefndasviðs. Húsnæði Skólaþings.
Austurstræti 12	Skrifstofur þingflokka Framsóknarflokks og Samfylkingar.
Austurstræti 14	Skrifstofur þingflokka Framsóknarflokks og Samfylkingar.
Aðalstræti 6	3. hæð hússins var tekin á leigu fyrir þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs meðan flutningar og framkvæmdir stóðu yfir á Skúlahúsi.
Ármúli 7	Geymslúsnæði.
Ægisgata 7	Húsið er notað fyrir skjalageymslur Alþingis og húsmuni.



Húsið sem stóð við Vonarstræti 12 var flutt af lóðinni á nýjan kjallara á horni Tjarnargötu og Kirkjustrætis í árslok 2010.

FORNLEIFARANNSÓKN Á ALÞINGISREIT

Uppgröftur á Alþingisreitnum fór fram á árunum 2008–2010 undir stjórn Völu Garðarsdóttur, fornleifafræðings. Eftir að fyrsta áfanga í uppgræftrinum lauk í október 2009 var gert hlé í sparnaðarskyni. Skýrsla um rannsóknirnar kom út í tveimur bindum árið 2010. Að mati fornleifafræðinga, sem unnu að uppgræftrinum, hafa rannsóknirnar leitt í ljós að á svæðinu var allveglegt athafnasvæði frá því um árið 870. Þegar litið er á svæðið í heild má færa fyrir því sterk rök að þar hafi verið föst búseta með tilheyrandi umsvifum frá árunum 860–870. Minjarar benda til þess að verkmenningin hafi verið fjölbreytt og þau verk og verkstæði sem til þurfti svo uppbygging bæjarstæðis hafi getað átt sér stað eru greinileg, allt frá síðasta þriðjungi 9. aldar.

Í upphafi hefur verið lögð áhersla á járnvinnslu og járnsmíðar. 15 rauðablástursofnar fundust á svæðinu og eru þeir elstu mannvirkin sem hafa fundist á Alþingisreitnum, ásamt túngarðinum sem liggur meðfram malarkambinum í norður-suður. Fljótlega urðu verkstæðin og verkmenningin fjölbreyttari og áhersla var lögð á fleiri þætti sem tilheyrðu hinu hversdagslega húshaldi.

Vísbendingar um málmvinnslu eru nokkrar og þá aðallega úr bronsi og kopar. Einnig eru nokkrar vísbendingar um gripagerð úr silfri. Kolagerð var stunduð á svæðinu við aflana, sennilega eingöngu til að þjóna þeim sem þar bjuggu því um litlar einingar er að ræða og í beinu samhengi við fyrrnefnda afla. Töluvert stórt svæði hefur verið utandyra þar sem fjölbreytt verk voru unnin og sjá má vísbendingar

um ullarvinnslu, bátasmíðar, sútun, keitun, brugg og slátrun.

Í upplýsingum fornleifafræðinganna kom fram að fullyrða megi að þegar um og eftir miðja 9. öld hafi byggst upp þónokkur byggðakjarni með tilheyrandi verkmenningu og búskap á þessu svæði og fólk komið sér þar skipulega fyrir. Fornminjarar tala sínu máli þar um. Þegar litið er á Alþingisreitinn og þær minjar sem þar hafa fundist, ásamt nærliggjandi svæðum, blasir við veglegt og margbrotið bæjarstæði sem á rætur sínar að rekja allt aftur til árana 860–870. Ekki er því hægt að segja annað en að þorpið Reykjavík eigi sér töluvert lengri sögu en áður hefur verið talið.



Hlé var gert á fornleifarannsóknnum á Alþingisreitnum árið 2010. Kjallari Skúlahúss, sem flutt var úr Vonarstræti yfir í Kirkejustræti í lok ársins, var byggður yfir viðarstig sem kom í ljós í uppgræftrinum.

STOFNANIR ALÞINGIS 2010

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Á haustþingi 2007 var Tryggvi Gunnarsson endurkjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára, frá 1. janúar 2008 að telja. Hinn 1. janúar 2009 var Tryggvi ráðinn tímabundið til rannsóknarnefndar Alþingis sem var komið á fót með lögum nr. 142/2008 til þess að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Í fjarveru hans var Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, settur af hálfu forsætisnefndar Alþingis í embætti umboðsmanns til 1. júlí 2010 en þá tók Tryggvi við starfi umboðsmanns á ný. Starfsmenn umboðsmanns Alþingis voru sjö í árslok 2010. Á árinu 2010 voru skráð 377 mál. Þar af voru 370 kvartanir en sjö mál voru tekin upp að frumkvæði umboðsmanns. Lokið var 398 málum (123 voru til meðferðar í ársbyrjun en 102 í árslok).

RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á vegum Alþingis samkvæmt lögum nr. 86/1997. Stofnunin endurskoðar ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins. Einnig sinnir hún athugunum á hagkvæmni, skilvirkni og árangri ráðuneyta og stofnana (stjórnsluendurskoðun) og kannar hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum og lagafyrirmælum á sviði umhverfismála. Þá annast hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga, eftirlit með fjármálum stjórnmalaflokka og

frambjóðenda, sbr. lög nr. 162/2006, og eftirlit með sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988. Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Núverandi ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason, hefur gegnt embættinu frá 1. júlí 2008.

Fastráðnir starfsmenn voru 47 í árslok 2010 og fækkaði þeim um tvo frá fyrra ári. Meðalaldur starfsmanna var um 52 ár og um 83% þeirra voru með háskólapróf. Árið 2010 gaf stofnunin út samtals 31 rit, þar af 22 stjórnsluúttektir. Niðurstöður fjárhagsendurskoðunar hjá ríkinu eru teknar saman og gefnar út í árlegri skýrslu sem nefnist Endurskoðun ríkisreiknings. Skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings 2009 var gefin út í desember 2010. Opinberar skýrslur stofnunarinnar voru sendar forseta Alþingis í samræmi við reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar.

JÓNSHÚS Í KAUPMANNAHÖFN

Jónshús við Øster-Voldgade 12 í Kaupmannahöfn hefur verið í eigu Alþingis frá árinu 1967 er Carl Sæmundsen stórkaupmaður og Johanne kona hans gáfu það í minningu Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Jón og Ingibjörg bjuggu í húsinu frá árinu 1852 allt til dauðadags 1879. Árið 1970 hófst rekstur í húsinu og nú er þar félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn, bókasafn og minningarsafn um Jón Sigurðsson og Ingibjörgu Einarsdóttur. Einnig hafa Stúdentafélagið, Íslendingafélagið og íslenski söfnuðurinn aðstöðu í húsinu. Stjórn Jónshúss ber ábyrgð á rekstri hússins í umboði forseta Alþingis og forsætisnefndar. Árið 1991 var keypt íbúð við Skt. Paulsgade 70 fyrir fræðimenn en fram að því höfðu fræðimenn fengið afnot af íbúð í Jónshúsi. Sérstök nefnd úthlutar árlega íbúðinni til fræðimanna eftir umsóknum. Í nefndinni eiga sæti Anna Agnarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, formaður, Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, og Kristinn Ólason,

rektor Skálholtskóla. Ritari nefndarinnar er Jörundur Kristjánsson, alþjóðaritari á skrifstofu forseta Alþingis.

Fyrir tímabilið 1. september 2010 til 31. ágúst 2011 bárust 27 umsóknir um afnot af íbúðinni. 11 fræðimenn fengu úthlutað:

- Arndís S. Árnadóttir til að vinna verkefni er ber heitið „Hannyrðakonur, auglýsingateiknarar og leirkerasmiðir“.
- Bjarki Sveinbjörnsson til að rannsaka frumheimildir um íslenska tónmenningu, varðveittar í Danmörku.
- Dagný Kristjánsdóttir til að vinna verkefni er tengist nýrri íslenskri barnabókmenntasögu.
- Einar G. Pétursson til að vinna verkefni sem tengist útgáfu á ritum Jóns Guðmundssonar lærða.
- Guðrún Valgerður Skúladóttir til að vinna verkefni er tengist bólgubáttum í blóði hjartasjúklinga og orsakatengslum þeirra við þróun gáttatífs í kjölfar opinna hjartaaðgerða.
- Gunnar Þór Bjarnason til að rannsaka „Uppkastið 1908“.
- Hjalti Hugason til að vinna verkefni er tengist upphafi og þróun þjóðkirkju-skipunar á Íslandi á 19. og 20. öld.
- Jóhanna Einarsdóttir til að vinna verkefni sem tengist alþjóðlegri skimunartækni til að meta stam.
- Jón Þ. Þór til að rannsaka sögu Kaupmannahafnar sem höfðuðborgar Íslands.
- Reynir Tómas Geirsson til að rannsaka súrefnisbúskap fósturs hjá konum með sykursýki á meðgöngu.
- Þórir Óskarsson til að vinna verkefni um bókmenntasögu sem námsgrein lærðra skóla á Íslandi.



Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, tók við samfélagslampa Blindrafélagsins 15. október 2010 af formanni félagsins, Kristni Halldóri Einarssyni.

SAMFÉLAGSLAMPINN 2010 VEITTUR ALÞINGI

Forseti Alþingis tók við heiðursviðurkenningu Blindrafélagsins, samfélagslampanum 2010, á degi hvíta stafsins, föstudaginn 15. október. Þar segir að Alþingi hafi hlotið þessa viðurkenningu fyrir „farsæl og fagleg vinnubrögð sem leiddu til góðrar samstöðu við stefnumótun og undirbúning lagafrumvarps um Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sem samþykkt voru sem lög frá Alþingi Íslendinga 18. desember 2008“. Lampanum var komið fyrir í efrideildarsalnum, ásamt heiðursskjali.

HÁTÍÐARHÖLD Í TÍLFNI AF 200 ÁRA AFMÆLI JÓNS SIGURÐSSONAR OG 100 ÁRA AFMÆLI HÁSKÓLA ÍSLANDS

200 ára fæðingarafmælis Jóns Sigurðssonar var minnst með ýmsu móti árið 2011. Meðal annars voru ræður Jóns skannaðar inn og birtar á vef Alþingis. Jón átti sæti á Alþingi frá því það var endurreist árið 1845 og sat hann á 13 þingum auk þjóðfundarins. Jón tók strax forustu meðal almennra þingmanna. Hann var tíu sinnum kjörinn forseti þingsins og

hafði því mikil áhrif á þingstörfin og átti stóran þátt í að móta þau á fyrstu árum hins endurreista Alþingis. Hann var einnig kosinn í fjölmargar nefndir og var framsögumaður margra þeirra. Ræður Jóns má nálgast á vefslóðinni althingi.is/jon_sigurdsson.

Miðvikudaginn 15. júní 2011 var haldinn minningarfundur á Alþingi í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Á

fundinum var samþykkt tillaga til þingsályktunar um að stofna prófessorstöðu tengda nafni Jóns. Samkvæmt tillögunni var gert ráð fyrir að prófessorstaðan yrði stofnuð við Háskóla Íslands en starfskyldur þess sem henni gegndi yrðu meðal annars við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2011 fagnaði Háskóli Íslands aldarafmæli en skólinn var stofnaður á Alþingi þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Hátíðarsamkoma til að minnast stofnunar skólans var haldin í Alþingishúsinu þann dag og mættu 107 gestir við athöfnina. Að lokinni athöfn í þingsal afhjúpaði rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfsdóttir, veggmynd í forsal á 1. hæð til minningar um starfsemi háskólans í þinghúsinu en þar var háskólinn til húsa frá 1911 til 1940. Forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, færði Háskóla Íslands gjöf frá Alþingi, glerlistaverkið *Þvottakonur* eftir Sigrúnu Ólöfu Einarsdóttur. Ávörp sem flutt voru á hátíðarsamkomunni má sjá á síðu 33–36.

Forseti Alþingis opnaði einnig sýningu um þingstörf Jóns Sigurðssonar forseta



Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, afhenti Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands, Verðlaun Jóns Sigurðssonar 2011.

og starfsemi Háskóla Íslands í Alþingishúsinu. Sýningin var opin 17. júní og var Alþingishúsið opið almenningi frá kl. 14 til 17.30 þann dag. Rúmlega 3.000 gestir lögðu leið sína á sýninguna.

HÁTÍÐ JÓNS SIGURÐSSONAR

Hátíð Jóns Sigurðssonar var haldin í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á kvenréttindadaginn, 19. júní 2011, og var það í fjórða sinn sem hátíðin var haldin. Verðlaun Jóns Sigurðssonar árið 2011 hlaut Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Í forsetatíð sinni eflði hún og styrkti vináttu milli Íslands og Danmerkur sem ötull talsmaður menningarsamskipta þjóðanna. Forusta hennar í stjórn sjóðsins Den Nordatlantiske Brygge tryggði endurbyggingu „Bryggjunnar“ þar sem síðan hefur verið haldið á loft menningu Íslands í Kaupmannahöfn. Fyrir það hlýtur Vigdís Finnbogadóttir Verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2011.

Verðlaunin hafa áður hlotið Søren Langvad byggingarverfræðingur, árið 2010, Erik Skyum-Nielsen bókmenntafræðingur, árið 2009, og Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, árið 2008.

STJÓRNLAGARÁÐ – TILLÖGUR AÐ ENDURSKOÐAÐRI STJÓRNARSKRÁ

Föstudaginn 29. júlí 2011 afhenti formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur,



Formaður Stjórnlagaráðs, Salvör Nordal, afhenti forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, tillögur að endurskoðaðri stjórnarskrá í Iðnó 29. júlí 2011.

tillögur að endurskoðaðri stjórnarskrá. Athöfnin fór fram í Iðnó. Forsaga málsins var sú að Alþingi ákvað samhljóða í júní 2010, með lögum nr. 90/2010, um stjórnlagabætur, að stjórnarskráin skyldi tekin til heildarendurskoðunar og að því verki lyki á kjörtímabilinu. Gert var ráð fyrir endurskoðunarferli sem fæli í sér þjóðfund og kjör til stjórnlagabætur auk vinnu sérstakrar stjórnlaganefndar. Þjóðfundur var haldinn 6. nóvember 2010 og sátu hann um 950 einstaklingar valdir með slembiúrtaki. Kosid var til stjórnlagabætur 27. nóvember 2010. Alls

gáfu 523 einstaklingar kost á sér en þingið skyldi skipað 25 fulltrúum. Áður en þingið kom saman ógilti Hæstiréttur kosninguna 25. janúar 2011. Skiptar skoðanir voru meðal alþingismanna um hvernig bregðast ætti við niðurstöðu Hæstaréttar en að lokum ákvað meiri hluti þings að skipa þá 25 einstaklinga sem náð höfðu kjöri til stjórnlagabætur í stjórnlagaráð sem fékk áþekkt hlutverk og stjórnlagabætur var ætlað. Þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs var samþykkt á Alþingi 24. mars 2011. Stjórnlagaráð starfaði frá apríl til júlí 2011.



Á sýningu um Jón Sigurðsson forseta og starfsemi Háskóla Íslands sem var opin í Alþingishúsinu 17. júní 2011 mátti m.a. skoða tímaás um þingstöf Jóns og hlýða á upplestur á ræðum hans.

ÚTGÁFA TVEGGJA RITA Á VEGUM ALÞINGIS

Tvö rit unnin á vegum Alþingis voru gefin út í lok september árið 2011. Þingræði á Íslandi: Samtíð og saga og Yfirrétturinn á Íslandi: Dómar og skjöl (1. bindi, 1690–1710). Bækurnar voru afhentar forseta Alþingis við athöfn í efrideildarsal Alþingishússins.

Árið 2005 ákvað forsætisnefnd Alþingis að láta rita bók um þingræði á Íslandi í tilefni þess að árið 2004 voru liðin 100 ár frá upphafi þingræðis hér á landi. Ritstjórn skipuðu Helgi Skúli Kjartansson, Ragn-



17. júní 2011 var haldin hátíðarsamkoma í Alþingishúsinu í tilefni af 100 ára afmæli Háskóla Íslands. Á myndinni má sjá forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, og rektor Háskóla Íslands, Kristínu Ingólfssdóttur, ásamt gestum.

hildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon en höfundar bókarinnar eru þau Ragnhildur og Þorsteinn ásamt Ragnheiði Kristjánsdóttur og Stefaníu Óskarsdóttur. Í bókinni eru ýmsir þættir þingræðis rannsakadir út frá ólíkum sjónarhornum og fræðigreinum og fjallað um þingræðis-hugtakið í sögulegu og alþjóðlegu samhengi, þingræðisregluna í íslenskri stjórnskipun, þingræði í framkvæmd hér á landi fyrr og síðar og stöðu Alþingis í því meirihlutaþingræði sem hér hefur lengst af ríkt.

Árið 2001 var undirritaður samningur milli Sögufélagsins og forsætisnefndar Alþingis um að ráðist yrði í útgáfu skjala yfirréttarins en hann var starfandi á Alþingi á árunum 1563–1800 og var æðsta dómstig innan lands á Íslandi. Stefnt er að því að gefa út heildarsafn varðveittra gagna frá yfirréttinum en þau skjöl eru hluti af sögu Alþingis hins forna. Starfsmenn Þjóðskjalasafnsins önnuðust fræðilega vinnu við uppskrift og frágang alls texta, auk annarrar vinnu sem tengdist

undirbúningi útgáfunnar. Í ritstjórn sitja Eiríkur G. Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir, fyrir hönd Þjóðskjalasafns Íslands, og Anna Agnarsdóttir og Már Jónsson, fyrir hönd Sögufélagsins. Björk Ingimundardóttir sagnfræðingur var aðalumsjónarmaður með útgáfunni, ásamt Gísla Baldri Róbertssyni, en þau tóku við af Gunnari Sveinssyni skjalaverði sem nú er látinn.

ÁVÖRP FLUTT Á HÁTÍÐARSAMKOMU 17. JÚNÍ 2011

Ávarp forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur:

Forseti Íslands.

Góðir hátíðargestir.

Fyrir hönd Alþingis býð ég ykkur öll velkomin til þessarar hátíðarsamkomu.

Laugardagurinn 17. júní 1911 var merkisdagur í sögu þjóðarinnar. Þann dag minntust landsmenn aldarafmælis Jóns Sigurðssonar forseta og langbráður draumur um háskóla varð að veruleika með

stofnun Háskóla Íslands. Stofnunarhátíð skólans var einmitt haldin í þessum sal fyrir 100 árum.

Það var ekki að ástæðulausu að afmælisdagur helsta foringja sjálfstæðisbaráttunnar, Jóns Sigurðssonar, var valinn sem stofndagur Háskólans. Stofnun skólans var hluti af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og Jón hafði verið í hópi þeirra sem helst beittu sér fyrir stofnun æðri menntastofnunar í landinu eða „þjóðskóla“ eins og hann kallaði slíkan skóla í bænaskrá sem hann flutti á fyrsta þingi hins endurreista Alþingis árið 1845.

Það er til marks um hversu þýðingarmikið mönnum þótti að Háskóli Íslands væri stofnaður á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar að þrátt fyrir að ekki hefði unnist tími til að huga að sérstakri háskólabyggingu vildu menn ekki að slíkt stæði í vegi fyrir því að hægt væri að setja skólann á aldarafmælinu. Það var því gripið til þess ráðs að finna honum bráðabirgðahúsnæði.

Þar var ekki um auðugan garð að gresja. Þjóðin var fátæk, fátt um byggingar er hentuðu háskólastarfsemi og lítt um fé til byggingarframkvæmda. Svo heppilega vildi þó til að helstu söfn landsins höfðu nýlega flutt í nýbyggt Safnahús við Hverfisgötu og við það losnaði 1. hæðin í Alþingishúsinu, sem hafði hýst Landsbókasafnið alveg frá því að þinghúsið var reist árið 1881. Reyndar hafði Alþingishúsið hýst fleiri söfn landsins því þar höfðu einnig verið til húsa Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið og Listasafnið.

Meginstarfsemi Háskólans fór því fram á 1. hæð þessarar byggingar. Læknadeildin hafði þar tvær kennslustofur til afnota og þrjú smærri herbergi en um hinar háskóladeildirnar er það að segja að þær höfðu hver um sig eina kennslustofu. En þó að dagleg starfsemi Háskólans hafi verið bundin við 1. hæð þinghússins fékk skólinn einnig aðgang að þingsal neðri deildar við vissar athafnir. Þannig var skólinn ætíð settur í þessum sal. Einnig var nokkuð um það að hér væri lýst kjöri heiðursdoktora og hér fóru doktorsvarnir fram. Í blaðinu



Hátíðarsamkoma var haldin í Alþingishúsinu 17. júní 2011 í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá stofnun Háskóla Íslands í þinghúsinu. Í ræðustól er forseti Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir, en meðal gesta á samkomunni má sjá (í innsta bring) forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Lilju Dögg Jónsdóttur, formann stúdentaráðs, Svandísi Svavarsdóttur, umbverfisráðherra og starfandi menntamálaráðherra, Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra.

Ísafold 12. janúar 1926 er þannig greint frá doktorsvörn Jóns Helgasonar, síðar prófessors, með þessum orðum:

„Kl. hálf tvö á fimmtudag, safnaðist múgur og margmenni í fordyri Alþingishússins til þess að vera við doktorsvörnina. Þar munu hafa verið allir háskólakennararnir, háskólastúdentar allir og meginþorri menntamanna bæjarins. Er opnaður var aðgangur að þingsölunum troðfylltist neðrideildarsalurinn á svipstundu. Próf. Ágúst H. Bjarnason stýrði athöfninni, og sat í forsetastól, en doktorsefni gegnt honum. Í skrifarasætunum sátu þeir andmælendur Páll E. Ólason og Sigurður Nordal.“

Þrátt fyrir að starfsemi Háskólans í Alþingishúsinu hafi verið hugsuð sem bráðabirgðaráðstöfun teygðist úr dvölinni og skólinn hafði meginstarfsemi sína í þinghúsinu í 29 ár eða fram að haustinu 1940. Þinghúsið var eðlilega ekki byggt með þarfir háskóla í huga og það varð fljótt ljóst að ekki yrði auðvelt að hafa vaxandi háskóla og þjóðþingið í sama húsi til langframa. Á þeim tíma sem Háskólinn var í Alþingishúsinu óx tala stúdenta úr 45 veturinn 1911–1912 upp í 227 vetur-

inn 1939–1940. Hafi því verið þröngt um skólann í fyrstu má fara nærri um hvernig það hefur verið síðustu árin.

Bæði Háskólinn og Alþingi fundu fyrir þessum þrengslum og þeim óþægindum sem af þeim leiddi eins og sést vel á orðum Ásgeirs Ásgeirssonar, forseta sameinaðs þings, í grein sem hann skrifaði í Stúdentablaðið 1. desember 1930, en þá sagði Ásgeir meðal annars:

„Sambúð Alþingis og Háskóla er eins og flest annað tvíbýli, illindalaus að vísu, en ófrjó. Hvorir tveggja hafa ástæðu til að þrá einbýlið. Alþingi hefir þrengt að sjer til stórbaga og Háskólinn hefir ekki húsrúm til brýnustu þarfa. Stúdent- og háskólalíf þróast ekki í þröngum kytrum, sem aðeins eru til yfirheyrslna og prófa.“

Það var því orðin langþráð stund þegar Háskólinn gat flutt í eigið húsnæði haustið 1940. En þegar frá leið og erfiðleikar tvíbýlisins voru horfnir í gleymskunnar dá held ég að báðum, Alþingi og Háskóla Íslands, hafi þótt nokkuð til þess koma að hafa deilt hér saman húsi. Það er ólíklegt að nokkur annar háskóli í heimi hafi átt sín uppvaxtarár í þinghúsi þjóðar

sinnar og ekkert þjóðþing hefur verið samastaður æðstu menntastofnunar og helstu safna síns lands. En lítil þjóð þarf að sníða sér stakk eftir vexti.

Á þessum tímamótum óska ég okkur öllum til hamingju með Háskóla Íslands. Megi skólinn halda áfram að vaxa og dafna íslenskri þjóð til heilla.

Ávarp starfandi menntamálaráðherra, Svandísar Svavarsdóttur:

Ágæta samkoma!

Þegar gengið er um skuggsæl undirgöng og sólrík torg í Bologna þar sem háskóli á sér þúsund ára sögu, sólbakaðar hæðir Forn-Grikkja í Apenu eða jafnvel enn fjarlægari slóðir í tíma og rúmi verður íslenskum ferðalangum ljóst að hundrað ár í sögu háskóla og þjóðar eru ekki endilega langur tími. Íslendingar eru ung þjóð og Háskóli Íslands er þegar allt kemur til alls enn að slíta barnsskónum. Frá öðrum sjónarhóli og á minni skala er saga Háskólans aftur á móti bæði löng og margslungin, kyrrfilega samofin ævintýri fátækrar þjóðar sem á rúmri öld hefur risið úr öskustónni eins og kolbítur, tekist á

hendur að ráða sér sjálf og lyft hverju grettistakinu á fætur öðru. Á þeirri leið eru margir merkir áfangar og þræðirnir liggja víða, líka langt aftur í aldri þegar grannt er skoðað.

Þegar við, á þessum sumardeggi og sumpart kalda vori, horfum aftur um hundrað ár og setjum okkur í spor þeirra sem á sínum tíma stóðu að stofnun Háskóla Íslands skynjum við fljótt að þar var slegið á nýja strengi og lagður grunnur, ekki að hverri annarri stofnun, heldur þjóðskóla landinu til heilla. Háskólinn varð frá byrjun vagga fræða og vísinda þar sem tekist var á við þekkingu í alþjóðlegu ljósi og henni miðlað á íslenska tungu. Með stofnun skólans var stigið eitt stærsta skrefið á vegi þjóðar til sjálfstæðis. Hafnarháskóli stóð Íslendingum opinn um alda skeið og framlag hans til íslenskrar menningar er óumdeilt en hann var líka hluti útlands valds. Með því að halda einn háskóla í Kaupmannahöfn mátti tryggja valdatauma og einingu ríkisins. Við stofnun Háskóla Íslands lauk langri baráttu þjóðarinnar fyrir eigin menntastofnun á alþjóðlegum grunni, háskóla á heimavelli þar sem íslensk tunga og íslensk sjónarmið takast á við innlendan arf og erlenda strauma.

Erindi Háskóla Íslands var mikið fyrir hundrað árum og er síst minna í dag. Háskólasamfélagið á Íslandi hefur stækkað stórum skrefum á liðnum árum, rannsóknir gegna æ mikilvægara hlutverki og fjöldi námsbrauta á grunn- og framhaldsstigi háskólamenntunar fer sífellt vaxandi. Háskóli Íslands er langstærstur menntastofnana á háskólastigi og miðstöð vísindastarfs á ótal fræðasviðum. Hann er enn sem fyrr varnarþing íslenskrar tungu, íslenskra bókmennta, sögu og þjóðfræða og þar er glímt við reginöfl íslenskrar náttúru sem aftur og aftur hafa minnt rækilega á sig.

Margt hefur breyst á langri vegferð Háskólans frá stofnun fyrir eitt hundrað árum. Ein ánægjulegasta breytingin snýr að jafnrétti til náms og áhrifa í íslensku samfélagi hvort sem litið er til félagslegrar

stöðu eða kynja. Árið 1911 stundaði ein kona nám við skólann, nú eru þær mikill meiri hluti nemenda. Fyrir nokkrum árum urðu líka þau tímamót að kona tók við kefli rektors. Háskólinn hefur vaxið hratt fram á síðustu áratugum og enginn þarf að velkjast í vafa um metnað hans og framsýni. Hann er burðarás íslenskrar háskólamenntunar og skipar verðugan sess í alþjóðlegu samfélagi vísinda og fræða. Rannsóknir, nám og kennsla við þessa stærstu menntastofnun landsins hefur vaxið og dafnað og skólinn sinnir hlutverki sínu æ betur með ári hverju. Mikilvægi þeirrar þróunar verður ekki síst ljóst á tímum eins og okkar þegar tekist er á um grundvallargildi og þjóðin öll stendur á krossgötum.

Háskólans bíða fjölþætt og mikil viðfangsefni við uppbyggingu og þróun íslensks samfélags á ögrandi tímum. Íslendingar og mannkynið allt standa frammi fyrir krefjandi verkefni og margvíslegri ógn þar sem enn reynir á Háskóla Íslands, afl hans og skapandi þekkingarleit. Ég óska Háskóla Íslands til hamingju með daginn og íslensku þjóðinni til hamingju með Háskóla Íslands.

Ávarp formanns stúdentaráðs, Lilju Daggar Jónsdóttur:

„Ef Íslendingar vilja á annað borð hafa háskóla verða þeir líka að leggja honum þau skilyrði að hann geti notið sín. Og þetta er það sem íslenskir stúdentar fara fram á. Þetta er það sem þeir vona að almenningur vilji skilja og styrkja. Það er íslenskt metnaðarmál og íslenskt menningarmál“. Þetta skrifaði Vilhjálmur Þ. Gíslason, fyrsti formaður stúdentaráðs, í Morgunblaðið árið 1922, tveimur árum eftir að stúdentaráð var stofnað. Á þeim tíma var efnahagurinn slæmur, Háskólinn enn að festa sig í sessi og Vilhjálmur fjallaði um mikilvægi þess að hlúð væri að skólanum svo hann gæti haldið áfram að taka framförum. Orð hans eiga ekki síður við í dag en þau gerðu þá.

Starf Háskólans hefur vissulega breyst og þróast í gegnum árin, en grundvallarsjónarmiðin eru ávallt þau sömu. Björn

M. Ólsen fyrsti rektor skólans lýsti þeim svo í stofnræðu sinni: „Markmið háskóla er fyrst og fremst tvennt: Að leita sannleikans í hverri fræðagrein fyrir sig – og að leiðbeina þeim sem eru í sannleiksleit, hvernig þeir eigi að leita sannleikans í hverri grein fyrir sig.“

Og þannig starfar Háskóli Íslands enn í dag. Markmiðin hafa í raun verið þau sömu allt frá því 45 stúdentar settust á skólabeck hér í þessu húsi árið 1911, og fram til dagsins í dag þegar stúdentar eru orðnir 14.000 og byggingar Háskólans töluvert fleiri. En þrátt fyrir að markmiðin séu þau sömu, þá hafa starfshættir skólans breyst og þróast og stúdentahópurinn líka. Við komum í skólann með öðru hugarfari. Í hugum margra færast háskólanám sífellt fjær því að vera forréttindi, sem það þó vissulega er, og nær því að vera einfaldlega eðlilegt framhald á námsferlinum; grunnskóli, framhaldsskóli, háskóli. Óhjákvæmileg afleiðing þessa er að stúdentahópurinn verður fjölbreyttur. Við erum á öllum aldri, höfum mismunandi viðhorf gagnvart náminu og sjáum í því mismunandi tækifæri. En þetta er kannski einmitt framtíð Háskólans. Háskólinn er og verður staður tækifæranna. Tækifæri skapa áhuga og metnað, eru vettvangur framfara og nýsköpunar. Í raun er þetta kannski ein stærsta ögrun Háskólans í dag. Hvernig á að mæta allri þessari flóru stúdenta? Á skólinn að laga sig að stúdentum eða stúdentar að skólanum? Hvað vill skólinn að nemendur hafi með sér að loknu námi? Og enn fremur hvað vill skólinn að nemendur skilji eftir sig?

Stúdentar mynda ásamt kennurum og starfsfólki starfsgrundvöll Háskólans. Samskipti stúdenta og kennara stuðla að gagnkvæmum þroska og á þeim grundvelli störfum við. En það er vandasamt verk að halda utan um allan þennan fjölda á þann hátt að allir sem komi að skólanum og gangi frá honum hafi með sér tilskilda þekkingu. Að allir, stúdentar jafnt sem kennarar, taki framförum, takist á við

krefjandi verkefni og leiti leiða til að beita þekkingu sinni á uppbyggilegan, áhuga-verðan og gagnlegan hátt. Þannig starfar Háskóli Íslands og þannig mun hann halda áfram að taka framförum.

Á aldarafmæli Háskóla Íslands stöndum við á tímamótum. Við erum að endur-reisa íslenskt samfélag eftir áföll undanfarinna ára. Háskóla Íslands er sniðinn þröngur stakkur og á sama tíma fer nemandafjöldi hratt og stöðugt vaxandi. Við þurfum að setja okkur markmið og ákveða hvers eðlis skrefin í átt að því markmiði verða. Viljum við byggja á menntun? Ef svo, þá þarf, nú sem aldrei fyrr, að hlúa að Háskólanum. Skapa skólanum vettvang til að starfa eins og hann best getur. Fyrir 100 árum var það með eindæmum djarft af svo lítilli þjóð að ráðast í það stóra verkefni að stofna sinn eigin háskóla. Það hafðist og skólinn reis og hefur gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi síðan. Háskóli Íslands er þjóðarháskóli og saga hans er samofin sögu lands og þjóðar. Við hér í dag höfum tækifæri til að stjórna því hvaða hlutverki skólinn mun gegna á næstu 100 árum.

Ágæta samkoma.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur hingað til beitt sér fyrir bættum hag skólans og framförum á öllum sviðum starfsins. Það munum við svo sannarlega halda áfram að gera, nú sem aldrei fyrr.

Það er heiður að fá að tilheyra samfélagi Háskóla Íslands. Og það er heiður að fá að mæla fyrir hönd stúdenta á 100 ára afmælisdegi skólans. Ég er stolt af því að vera stúdent við Háskóla Íslands og hef trú á því að ég hafi þroskast á þeim tíma sem ég hef varið þar. Bæði í fræðunum og sem einstaklingur. Séu þau skilyrði sköpuð að Háskóli Íslands geti haldið áfram að stíga framfaraskref, þróast, vaxa og dafna þá mun hann án nokkurs vafa halda áfram að gegna því lykilhlutverki í íslensku samfélagi sem hann hefur gert síðustu 100 árin. Það er okkar hlutverk að tryggja það.

Kæru gestir, gleðilega hátíð og til hamingju með afmælið.

Ávarp háskólarektors, Kristínar Ingólfsdóttur:

Forseti Íslands, forseti Alþingis, forsætisráðherra, forseti Hæstaréttar, starfandi mennta- og menningarmálaráðherra, góðir gestir.

Fyrir hönd Háskóla Íslands þakka ég þann mikla sóma sem Alþingi sýnir skólanum með því að boða til þessarar hátíðarsamkomu. Fyrir rétttri öld minntust Íslendingar hér í þessu húsi þess að hundrað ár voru frá fæðingu Jóns Sigurðssonar með því að stofna Háskóla Íslands. Það var engin tilviljun að þjóðin kaus að minnast fæðingardags Jóns Sigurðssonar með því að færa sjálfri sér skóla að gjöf. Fyrsta málið sem Jón flutti á Alþingi var einmitt bærarskrá um stofnun þjóðskóla á Íslandi þar sem menntun færi fram í landinu sjálfu fremur en í Kaupmannahöfn.

Í hugum flestra var stofnun Háskóla Íslands nátengd óskum þjóðarinnar um að ráða sér sjálf. Í hinum nýja háskóla átti að mennta íslenska embættismenn, þjálfra þá við íslenskar aðstæður og á íslensku tungu og þar átti að stunda rannsóknir sem styddu þetta hlutverk. Þetta þótti frumforsenda fullveldis.

Strax í upphafi færðu forustumenn skólans út landamæri þessarar hugsunar. Í vígsluræðu sinni þann 17. júní 1911 lagði nýkjörinn rektor, Björn M. Ólsen, prófessor í íslensku málfræði og menningarsögu, ríka áherslu á að Háskóli Íslands væri í senn íslensk stofnun og það sem hann kallaði „borgari í hinni miklu res publica scientiarum“, eða lýðveldi vísindanna. Björn lagði áherslu á að háskólarnir væru „kosmo-politiskar stofnanir“ eins og hann orðaði það um leið og þeir væru þjóðlegar stofnanir og hefði reynslan sýnt að þetta tvennt færi ekki í bága hvort við annað.

Háskólinn átti þannig að vekja og hlúa að vitund landsmanna um sérstöðu sína og séreinkenni um leið og hann víkkaði sjóndeildarhring þeirra út yfir landamærin til „alls hins menntaða heims“. Þegar fyrsti rektorinn stóð hér þar sem við

stöndum nú fyrir nákvæmlega hundrað árum átti hann sér þann draum að skólinn gæti, „þegar stundir líða, lagt sinn litla skerf til heimsmenningarinnar, numið ný lönd í ríki vísindanna, í samvinnu við aðra háskóla“ eins og hann orðaði það.

Þessi rök fyrir stofnun og tilvist Háskóla Íslands hafa í kjarna sínum ekki breyst á þeim hundrað árum sem hann hefur starfað þótt skólinn hafi þrjúhundruðfaldast að stærð og starfsemi hans tekið stakkaskiptum. Sem fyrr þjónar hann íslenski þjóð með því að mennta ungt fólk til margvíslegra starfa á öllum sviðum íslensks samfélags. Jafnframt hefur skólinn orðið burðugur borgari í lýðveldi vísindanna með hratt vaxandi vísindastarfi og rannsóknnum sem standast ströngustu alþjóðlegar kröfur. Allir þessir þættir í starfsemiinni tvinnast saman og mynda trausta festi.

Góðir hátíðargestir.

Ég vil fyrir hönd Háskóla Íslands færa ríkisstjórn Íslands og Alþingi einlæg þakkir fyrir þær góðu gjafir sem skólanum eru færðar í tilefni aldarafmælis hans með stofnun aldarafmælisjós Háskóla Íslands og prófessorsstöðu, tengda minningu Jóns Sigurðssonar. Þetta verður hvorutveggja hluti af veganesti Háskólans í upphafi nýrrar aldar í starfi hans.

Við þessi aldahvörf hvarflar hugurinn til þeirra sem á undan hafa gengið og varðað leiðina – til brautryðjenda úr hópi skólanna og stjórnámalanna – til hugsjónanna sem áttu drauma sem hafa ræst í öflugum starfi skólans. Við byggjum okkar starf í dag á þeim grunni sem þetta fólk hefur lagt. Starf þessa fólks vitnar um hugsjónir, stórhug og framkvæmdavilja. Við upphaf nýrrar aldar í starfi Háskóla Íslands skulum við láta þessar hugsjónir blása okkur nýjum anda í brjóst, við skulum læra af stórhug þessa fólks og ganga til framkvæmda af sömu einurð með það fyrir augum að láta Háskóla Íslands vaxa áfram með þjóðinni og fyrir þjóðina.

ÁRSREIKNINGUR ALÞINGIS 2010




Staðfesting forseta Alþingis og yfirstjórnar stjórnarsýslu


Á árinu 2010 var 69,5 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Alþingis. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 223,4 m.kr., skuldir 55,2 m.kr. og eigið fé nam 168,2 m.kr. í árslok 2010.

Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og aðstoðarskrifstofustjóri rekstrar staðfesta ársreikning Alþingis fyrir árið 2010 með áritun sinni.


Alþingi, 16. desember 2013



Einar K. Guðfinnsson
forseti Alþingis



Helgi Bernódusson
skrifstofustjóri Alþingis



Karl M. Kristjánsson
aðstoðarskrifstofustjóri

Könnunaráritun endurskoðanda

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2010. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins, í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn og er byggð á könnuninni.

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, um könnun endurskoðanda á ársreikningi. Könnun ársreikningsins felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnunin felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu Alþingis á árinu 2010, fjárhagsstöðu í árslok, og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 16. desember 2013



Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur fyrir árið 2010

Rekstrartekjur:	2010	2009
Sölutekjur	13.614.563	14.787.347
Aðrar tekjur	15.654.142	4.955.983
	<u>29.268.705</u>	<u>19.743.330</u>
Rekstrargjöld:		
Alþingiskostnaður	790.113.567	892.691.159
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	58.500.001	65.000.000
Fastanefndir	36.860.895	10.737.630
Alþjóðasamstarf	116.154.588	60.036.774
Almennur rekstur	896.022.094	925.976.295
Sérverkefni	45.644.533	54.187.276
Rekstur fasteigna	267.305.553	267.570.1481
	<u>2.210.601.231</u>	<u>2.276.199.282</u>
Viðhald fasteigna	13.016.868	25.895.481
Stofnkostnaður	28.557.236	42.070.628
	<u>2.252.175.335</u>	<u>2.344.165.391</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) án fjármagnsliða	(2.222.906.630)	(2.324.422.061)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	<u>2.022.208</u>	<u>4.085.708</u>
Tekjuhalli án ríkisframlags	(2.220.884.422)	(2.320.336.353)
Ríkisframlag	<u>2.290.400.000</u>	<u>2.336.400.000</u>
Tekjuafgangur (-halli) ársins	<u>69.515.578</u>	<u>16.063.647</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir:	2010	2009
Áhættufé		
Hlutfé Intís hf.	<u>229.110</u>	<u>229.110</u>
Veltufjármunir:		
Ríkissjóður	148.389.564	99.938.144
Gjafabirgðir	0	357.184
Viðskiptakröfur	34.196.995	17.065.442
Handbært fé	<u>40.576.002</u>	<u>30.486.271</u>
Veltufjármunir	<u>223.162.561</u>	<u>147.847.041</u>
Eignir alls	<u>223.391.671</u>	<u>148.076.151</u>
Eigið fé og skuldir:		
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll í ársbyrjun	98.619.647	157.883.149
Breyting vegna lokafjárlaga	0	(75.327.149)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>69.515.578</u>	<u>16.063.647</u>
Höfuðstóll	<u>168.135.225</u>	<u>98.619.647</u>
Annað eigið fé:		
Framlag til eignamyndunar	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Annað eigið fé	<u>92.000</u>	<u>92.000</u>
Eigið fé	<u>168.227.225</u>	<u>98.711.647</u>
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	<u>55.164.446</u>	<u>49.364.504</u>
	<u>55.164.446</u>	<u>49.364.504</u>
Eigið fé og skuldir	<u>223.391.671</u>	<u>148.076.151</u>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2010 (ÚTDRÁTTUR)

Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur Alþingis er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanir eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Fjárheimildir og rekstur ársins 2010

Framlag á fjárlögum til Alþingis nam 2.259,4 m.kr. á árinu 2010. Heimildir voru hækkaðar um 31 m.kr. á fjárukalögum þar sem stærsti liðurinn, eða 21,7 m.kr., var vegna fastanefnda, kostnaður við alþjóðasamstarf var lækkaður um 6 m.kr., almennur rekstur hækkaður um 5,3 m.kr., sérverkefni um 2 m.kr. og tæki og búnaður um 8 m.kr. Fjárheimildir urðu því alls 2.290,4 m.kr. Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu alls 2.220,9 m.kr. og urðu því um 69,5 m.kr. eða 3% innan fjárheimilda.

Sundurliðun er sem hér greinir (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reikningur	Fjárheimild	Mismunur
	2010	2010	kr.
Alþingiskostnaður	790.114	808.400	18.286
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	58.500	58.500	(0)
Fastanefndir	36.861	37.600	739
Alþjóðasamstarf	116.155	138.200	22.045
Almennur rekstur	896.022	897.900	1.878
Sérverkefni	45.645	50.100	4.455
Rekstur fasteigna	267.306	277.200	9.894
Viðhald fasteigna	13.017	14.000	983
Stofnkostnaður, tæki	28.557	30.600	2.043
	2.252.175	2.312.500	(7.169)
Sértekjur	(29.269)	(22.100)	(7.169)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) nettó	(2.022)	(0)	(2.022)
Samtals	2.220.884	2.290.400	69.516

Yfirlit um rekstur eftir tegundum

Rekstrarkostnaður Alþingis, sundurliðaður eftir tegundum

Launagjöld á árinu 2010 námu 1.410,5 m.kr. og lækkuðu um 7,5%. Önnur gjöld hækkuðu um 44,4 m.kr., eða sem nemur 6,3%. Tilfærslur lækkuðu um 7,7 m.kr. og tilfærslur um 16,3 m.kr. Samtals lækkaði rekstrarkostnaður Alþingis á árinu 2011 um 94,1 m.kr. eða sem nemur 4,0%.

	2010	2009
Launakostnaður	1.410.539.361	1.525.089.999
Önnur gjöld	749.466.021	705.001.487
Tilfærslur	64.393.966	72.138.950
Eignakaup	25.753.779	42.070.628
	<u>2.250.153.127</u>	<u>2.344.301.064</u>
Gjöld samtals	2.250.153.127	2.344.301.064
Sértekjur	(29.268.705)	(23.964.711)
	<u>2.220.884.422</u>	<u>2.320.336.353</u>
Gjöld umfram tekjur	2.220.884.422	2.320.336.353

Skuldbindingar utan efnahags

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvílandi. Í samræmi við reikningsskila-reglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði.

SUNDURLIÐANIR

Alþingiskostnaður

Alþingiskostnaður lækkaði um 102,6 m.kr. frá fyrra ári. Þingfararkaup er föst laun alþingismanna. Ástæðu lækkunarinnar má rekja til biðlauna sem voru greidd á árinu 2009. Þingfararkostnaður, fastar greiðslur, er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkaup er ákveðið af kjararáði en þingfararkostnaður, fastar greiðslur, af forsætisnefnd í ársbyrjun ár hvert. Í ársbyrjun 2009 ákvað forsætisnefnd Alþingis að hækka ekki fastar greiðslur í sparnaðarskyni og það sama á við um árið 2010.

Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur, er ýmis kostnaður samkvæmt reikningum tengdum alþingismönnum, svo sem símakostnaður, ferðakostnaður innan lands, dagblaðakaup, tryggingar o.fl.

	2010	2009
Þingfararkaup	548.018.144	627.269.987
Þingfararkostnaður, fastar greiðslur	126.606.372	127.283.210
Þingfararkostnaður, aðrar greiðslur	94.119.686	101.332.124
Aðstoðarmenn þingmanna	21.369.365	36.805.838
	<u>790.113.567</u>	<u>892.691.159</u>

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum. Var fjárhæðin lækkuð árið 2010 sem hluti af sparnaðaraðgerðum í fjárlögum 2010.

	2010	2009
Þingflokkur Framsóknarflokks	10.133.036	10.053.142
Þingflokkur Sjálfstæðisflokks	17.445.535	22.734.212
Þingflokkur Samfylkingarinnar	15.356.251	16.046.875
Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs	11.151.564	10.887.500
Þingflokkur Frjálslynda flokksins	0	2.446.528
Þingflokkur Hreyfingarinnar	3.865.180	2.628.618
Kristinn H. Gunnarsson	0	203.125
Þráinn Bertelsson	548.435	0
	<u>58.500.001</u>	<u>65.000.000</u>

Alþjóðasamstarf

Útgjöld við alþjóðasamstarf hækkuðu um 56,1 m.kr. og er meginástæðan sú að hér var haldið Norðurlandaráðsþing. Erlent samstarf á vegum Alþingis felst í þátttöku þingmanna í alþjóðlegum þingmannanefndum, auk þátttöku í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við þessa þátttöku eru reglulega haldnir fundir og ráðstefnur á Íslandi. Að öðru leyti stóðu fjárveitingar til alþjóðastarfs í stað árið 2010 eftir verulega lækkun árið 2009.

	2010	2009
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	54.213.343	17.045.840
Íslandsdeild NATO-þingsins	4.750.814	3.572.011
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins	4.416.325	5.106.228
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA	5.046.071	6.994.360
Alþjóðáþingmannasambandið	6.537.650	6.250.970
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins	13.522.693	10.201.241
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	3.668.228	4.235.927
Annað starf	23.999.464	6.630.197
	<u>116.154.588</u>	<u>60.036.774</u>

- ALÞINGI: 150 Reykjavík
Sími: 563 0500
Fax: 563 0550
althingi@althingi.is
www.althingi.is
- SKRIFSTOFUSTJÓRI: Helgi Bernóðusson
- RÍKISENDURSKOÐUN: Skúlagötu 57
105 Reykjavík
Sími: 569 7100
Fax: 562 4546
postur@rikisend.is
www.rikisendurskodun.is
- RÍKISENDURSKOÐANDI: Sveinn Arason
- UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Álftamýri 7
108 Reykjavík
Sími: 510 6700
Fax: 510 6701
postur@umb.althingi.is
www.umbodsmaduralthingis.is
- UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS: Tryggvi Gunnarsson
- © Skrifstofa Alþingis, 2014
- ÁRSSKÝRSLA ALÞINGIS: Störf 139. löggjafarþings
Ársreikningur árið 2010
ISSN 1561-7661
- LJÓSMYNDIR: Bragi Þór Jósefsson: forsíða, s. 6, 7, 8, 16, 20, 24, 27,
32, 33, 34, 38
Egill Bjarki: s. 31
Eyjólfur Thoroddsen: s. 28
Jón Svavarsson: s. 32
Lise Áserud: s. 23
pressphotos.biz: s. 15
Aðrar myndir tóku starfsmenn skrifstofu Alþingis
- PRENTVINNSLA: Svansprent ehf.



ALÞINGI | 150 REYKJAVÍK | SÍMI 563 0500 | FAX 563 0550 | WWW.ALTHINGI.IS